



ÞINGGERÐ 46. ÁRSPINGS

sem haldið var í Garðaskóla í Garðabæ

27. og 28. október 1995

The first part of the document discusses the importance of maintaining accurate records of all transactions. It emphasizes that every entry, no matter how small, should be recorded to ensure the integrity of the financial statements. This includes not only sales and purchases but also expenses and income. The document also highlights the need for regular reconciliation of accounts to identify any discrepancies early on.

In addition, the document provides a detailed breakdown of the accounting cycle, which consists of eight steps. These steps range from identifying the accounting entity to preparing financial statements. Each step is explained in detail, with examples provided to illustrate the process. The document also includes a section on the double-entry system, which is a fundamental principle of accounting that ensures the balance sheet always balances.

Furthermore, the document discusses the various types of accounts used in accounting, such as assets, liabilities, equity, revenue, and expense accounts. It explains how these accounts are classified and how they interact with each other. The document also provides a list of common accounting abbreviations and terms to help readers understand the language of accounting.

Finally, the document concludes with a summary of the key points discussed and a final note on the importance of accuracy and honesty in accounting. It encourages readers to always double-check their work and to seek professional advice when needed.

Pinggerð

46. ársþings Landssambands hestamanna 1995.

46. ársþing L.H. var haldið í Garðaskóla í Garðabæ dagana 27. og 28. október 1995.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti þingið kl 13.00. Hann minntist hinna hörmulegu atburða á Flateyri og bað þingheim að minnst látinna og votta þeim virðingu með því að rísa úr sætum og stuttri þagnarstund.

Því næst minntist formaður sjö félaga sem látist höfðu frá síðast ársþingi: Erlings A. Jónssonar Gusti, Óla Magnúsar Ísakssonar Fáki, Hákonar Kristinssonar Mána, Friðriks Margeirssonar Léttfeta, Sigurðar Óskarssonar Stíganda, Guðmundar Sigurðssonar Léttfeta og Kristjáns Einarssonar Stíganda. Fundarmenn vottuðu þessum látnu félögum virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Þingforsetar voru kjörnir þeir **Sverrir Hallgrímsson frá Andvara og Andreas Bergmann frá Sóta.**

Ritarar voru kjörnir:

Yfirritari: Snorri R Snorrason, Sörla
Ritarar: Haukur G Kristjánsson, Geysi,
Daníel Gunnarsson, Gusti og
Sigrún Ólafsdóttir, Snæfellingi

Forsetar og ritarar tóku til starfa við stjórn þingsins.

Ávörp gesta.

Sigurður Ragnarsson formaður Andvara tók fyrstur til máls og bauð gesti velkomna á þingið. Talaði um mikilvægi félagsþáttar landsþings og minntist einnig á gagnrýni sem komið hefur fram á skilvirki þingsins.

Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri Garðabæjar tók því næst til máls og fagnaði því að þingið er í fyrsta sinn haldið í Garðabæ og áréttaði mikilvægi hestamennsku sem uppeldisþáttar.

Ari Teitsson formaður Bændasamtaka Íslands ræddi um samstarf hrossabænda, hrossaræktarsambanda og hestamanna, mikilvægi þessa samstarfs. Bændur og hestamenn eiga margt sameiginlegt varðandi ræktunarferli íslenska hestsins. Hann gat um mikilvægi þess að hestamenn sýndu Stóðhestastöðinni í Gunnarsholti sem Bændasamtökin reka, meiri áhuga og liðsinni svo vegur hennar verði sem mestur. Bændur bera ábyrgð á stórum hluta landsins og minntist hann á gagnrýni sem fram hefur komið á umgengni hestamanna á litlum blettum landsins og nauðsyn þess að hestamenn og bændur taki höndum saman um verndun landsins og góða umgengni um landið. Sameiginlegir hagsmunir og áhugamál að nægilegt fóður sé til og aðbúnaður hrossa sé í ásættanlegu lagi.

Sveinbjörn Eyjólfsson deildarstjóri í Landbúnaðarráðuneytinu talaði um mikilvægi samstarfs ráðuneytisins og hestamanna og tengsl milli sveita og þéttbýlis í gegnum hestamenskuna. Talaði um eflingu skólans á Hólum í námi tengdu

hestamennsku og ræktun sem ráðuneytið hefur staðið fyrir og hefur árangur þegar komið í ljós að hans álit. Síðan talaði hann fyrir hönd umhverfisráðherra um hættuna á ofbeiti vegna mikils fjölds hrossa í landinu.

Kjörbréfanefnd:

Birgir Rafn Gunnarsson Fáki, Elísabet Þ. Þórólfsdóttir Andvara og Sigrún Sigurðardóttir Gusti voru í nefndinni. Birgir Rafn Gunnarsson skilaði álit nefndarinnar. 124 fulltrúar frá 49 félögum áttu rétt til setu á þinginu. Eftirtaldir fulltrúar voru mættir:

Andvari:	Sigurður Ragnarsson, Halldór Halldórsson, Elísabet Þóra Þórólfsdóttir, Jóhann Másson.
Blakkur:	Enginn fulltrúi.
Blær:	Sigurður Sveinbjörnsson.
Dreyri:	Ragneiður Þorgrímsdóttir, Úrsúla Árnadóttir.
Faxi:	Jón Halldórsson, Skúli Kristjánsson, Baldur Björnsson, Guðmundur Sigurðsson.
Fákur:	Sveinn Fjeldsted, Haraldur Haraldsson, Guðbjörg Egilsdóttir, Viðar Halldórsson, Birgir Rafn Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Jónas Kristjánsson, Gréta Oddsdóttir, Guðbrandur Kjartansson, Jón A Sigurbjörnsson, Sigurbjörn Bárðarson, Jan Janssen, Guðmundur Ólafsson, Þórður H. Ólafsson.
Feykir:	Halldór Gunnarsson.
Félag Tamningam.	Ólafur H. Einarsson, Atli Guðmundsson.
Freyfaxi:	Guðmundur Þorleifsson, Ármann Magnússon.
Funi:	Enginn fulltrúi.
Geisli:	Pétur Behrens.
Geysir:	Haukur G. Kristjánsson, Þorbergur Albertsson, Úlfar Albertsson, Guðjón Sigurðsson, Sigurgeir Bárðarson, Þorvaldur Ágústsson, Árni Jóhannsson.
Glaður:	Grettir B. Guðmundsson, Marteinn Valdimarsson.
Glófaxi:	Enginn fulltrúi.
Glæsir:	Enginn fulltrúi.
Gnýfari:	Enginn fulltrúi.
Goði:	Enginn fulltrúi.
Grani:	Ingólfur H. Arnarson.
Gustur:	Hallgrímur Jónasson, Sigrún Sigurðardóttir, Ásgeir Guðmundsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Daníel Gunnarsson, Sævar Kristjánsson, Sigurður Pétursson.
Háfeti:	Helga Haraldsdóttir.
Hending:	Marinó Hákonarson.
Hornfirðingur:	Ingólfur Vopni Ingvarsson, Jens Einarsson.
Hringur:	Enginn fulltrúi.
Hörður:	Rúnar Sigurpálsson, Sveinbjörn Eyjólfsson, Pétur Jökull Hákonarson, Júlíus Brjánsson, Þorsteinn Aðalsteinsson, Hreinn Ólafsson.

Kinnskær:	Enginn fulltrúi.
Kópur:	Enginn fulltrúi.
Léttfeti:	Sveinn Guðmundsson, Þórarinn Sólmundarson, Stefán Reynisson.
Léttir:	Sigfús Helgason, Reynir Hjartarson, Guðlaug Hermannsdóttir, Jón Ólafur Sigfússon,
Ljúfur:	Halldór Guðmundsson, Hugrún Valdimarsdóttir. Helgi Eggertsson var í stað Hugrúnar á laugardag.
Logi:	Ólafur Einarsson, Kristinn Antonsson.
Máni:	Vilberg Skúlason, Guðmundur Hinriksson.
Neisti:	Enginn fulltrúi.
Óðinn:	Enginn fulltrúi.
Sindri:	Elín Einarsdóttir.
Skuggi:	Þorsteinn Eypórsson, Þórður Bachmann. Sæmundur Jónsson var á laugardaginn í stað Þórðar.
Sleipnir:	Páll Stefánsson, Ari Björn Thorarensen, Hulda Brynjólfsdóttir, Haraldur Arngrímsson.
Smári:	Gunnar Örn Marteinsson, Haraldur Sveinsson, Jóhanna Ingólfssdóttir, Rosemarie Þorleifsdóttir.
Snarfari:	Kári S Lárusson.
Snæfaxi:	Ragnar M Sigfússon.
Snæfellingur:	Lárus Hannesson, Sigrún Ólafsdóttir.
Sóti:	Kjartan Antonsson, Ársæll Gunnarsson.
Stígandi:	Enginn fulltrúi.
Stormur:	Enginn fulltrúi.
Svaði:	Enginn fulltrúi.
Sörli:	Sigurður E. Ævarsson, Ágúst V. Oddsson, Elín G. Magnúsdóttir, Snorri R Snorrason.
Trausti:	Sigurður Sigurðsson, Ásta K Guðmundsdóttir.
Þjálf:	Haraldur Haraldsson, Hjalti Jón Sveinsson.
Þráinn:	Ásgeir Ingvi Jónsson.
Pytur:	Guðmundur Sigurðsson.
Dómarafélag L.H.:	Þormar Ingimarsson

Samkvæmt þessu komu til ársþingsins fulltrúar frá 35 hestamannafélögum samtals 98 fulltrúar. Engir mættu frá 14 félögum eða 21 fulltrúi sem sent höfðu inn kjörbréf. Óveður og ófærð munu hafa verið orsakir þess.

Auk framangreindra sátu þingið:

Stjórnarmenn L.H. þeir:	Guðmundur Jónsson formaður Guðbrandur Kjartansson varaformaður (þingf) Halldór Gunnarsson ritari (þingf) Sigfús Guðmundsson gjaldkeri Jón Bergsson meðstjórnandi Sigbjörn Björnsson meðstjórnandi Kristmundur Halldórsson meðstjórnandi
--------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Greinargerð:

Á undanförnum áratugum hafa fulltrúar á ársþingum L.H. samþykkt ótal tillögur, sem kosta samtökin mikið fjármagn. Oft hefur engin grein verið gerð fyrir hvernig að fjármögnun skuli staðið. Verði þessi tillaga samþykkt leiðir það til þess að um leið og efnisatriði tillagna eru rædd þarf samhliða að ræða fjármögnun. Það er hin vísasta leið til að ná endum saman í rekstri samtakanna og auðvelda alla fjárhagslega skipulagningu og stjórnun.

Kostnaðaráhrif þessarar tillögu eru engin í kr. talin en trúlega mjög jákvæð þegar til lengri tíma er litið.

Tillögur til **allsherjarnefndar** voru þessar:

Þingskjal nr. 5 flytjandi mótanefnd L.H.

Landsmót - stefnumótun til framtíðar.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 beinir því til stjórnar L.H. að mótanefnd skoði eftirfarandi:

1. **Rekstrarform landsmóta.**
2. **Innihald landsmóta.**
3. **Fjármál landsmóta.**
4. **Rammasamning við BÍ.**
5. **Eftirgjald til L.H.**

Nefndin fái skriflegar umsagnir um framangreind atriði frá:

Kaldármelum, Vindheimamelum, Melgerðismelum, Austurlandi, Gaddstaðflötum, Fáki og Bændasamtökum Íslands.

Nefndin getur leitað umsagnar fleiri aðila. Tillögum skal skila á ársþing 1997.

Þingskjal nr. 6 flytjandi mótanefnd L.H.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir að fjölga beri landsmótum og stefna að því að halda þau annað hvert ár frá 1998.

Fjórðungsmót verði til skiptis á Austur og Vesturlandi árið á milli landsmóta.

Greinargerð:

Sjá skýrslu mótanefndar L.H. í ársskýrslu.

Þingskjal nr. 7 flytjandi hestamannafélagið Fákur

Landsmót annað hvert ár.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995, samþykkir að Landsmót verði haldin annað hvert ár, það árið sem ekki eru haldin Heimsmeistaramót í hestaíþróttum.

Þingskjal nr. 8 flytjandi hestamannafélagið Fákur.

Smitsjúkdómar í hestum.

46. ársþing haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995, **beinir því til landbúnaðarráðherra að þegar verði sett reglugerð þar sem fram koma nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru, ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma í hestum sbr. 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.**

Þingskjal nr. 9 flytjandi hestamannafélagið Fákur

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995.

Landsþingið samþykkir að skipuð verði á þinginu millipinganefnd, sem taki lög og reglur L.H. og HÍS og geri úr þeim í samráði við stjórnir L.H. og HÍS, ein lög og samræmdar reglur, sem lagðar verði fyrir næsta ársþing L.H. og HÍS til staðfestingar eða synjunar.

Greinargerð:

Nauðsynlegt er að koma hreyfingu á sameiningarmál ofangreindra samtaka og gera það í áföngum með tímatakmörkunum fyrir hvern áfanga. Eftir þá vinnu sem lögð er til hér að ofan, gætu málsaðilar betur metið möguleika sameiningarmálsins á næstu ársþingum samtakanna.

Þingskjal nr. 27 flytjandi stjórn L.H.

GREINARGERÐ UM SAMEININGARMÁL

Á síðasta þingi var lögð fram áfangaskýrsla skipuritsnefndar. Skýrslan var svo endanlega lögð fram á útmánuðum 1995. Formannafundur hestamannafélaganna var í maí 1995. Niðurstaða fundarins var sú, að taka upp viðræður við stjórn HÍS um málið að undangengnum formannafundi HÍS og jafnframt yrði rætt við forystumenn ÍSÍ um þessi mál, og niðurstaða þeirra viðræðna yrði lögð fyrir 46. þing L.H.

Formannafundur HÍS var haldinn í lok september og síðan var haldinn fundur með fulltrúum stjórna L.H. og HÍS þar sem þessi mál voru rædd. Formenn samtakanna ræddu við forystumenn ÍSÍ um hugsanlega aðild sameiginlegra samtaka hestamanna að ÍSÍ hinn 20. okt. s.l. í samræmi við ályktun formannafundar L.H.

Almennt má álykta að hugur hluta hestamanna standi til sameiningar, en aðrir eru á móti, en þó eru flestir sammála um að félagskerfið þurfi að vera einfaldara og skilvirkara.

Ný samtök munu starfa innan ÍSÍ en ekki utan ef um sameiningu verður að ræða. Jafnframt má álykta að búa verði svo um hnútana að starf og uppbygging hestamannafélaganna falli að skipulagi íþróttahreyfingarinnar en svo mun ekki vera nú að öllu leyti. Jafnframt vilji menn viðhalda ýmsum þeim þáttum, sem lögð er áhersla á nú innan félaganna s.s. hrossarækt, samgöngur, ferðamál o.fl.

Í viðræðum við forsystumenn ÍSÍ um sameiginlega aðild hestamanna að ÍSÍ komu m.a. eftirfarandi atriði fram:

Skilgreining iðkenda innan íþróttahreyfingarinnar mun vera nokkuð á reiki en þróun er í þá átt að þrengja hana. Ekki er hægt að fullyrða um hlut hestamanna í slíku ferli enda byggja núverandi tölur um hestamenn á fjölda skráðra félaga, en ekki endilega á fjölda iðkenda.

Félagsgjöldum til heildarsamtaka mun vera hægt að viðhalda eftir ákveðnum reglum en eins og áður sagði er mikill meirihluti félagsbundinna hestamanna nú þegar innan ÍSÍ

Hvað varðar skilgreiningu keppnisgreina er ekki hægt að fá það fram nákvæmlega en álitid var að hægt væri að finna þeim greinum sem keppt er nú í innan vébanda L.H. stað með einhverjum hætti innan vébanda ÍSÍ án þess að það verði beinlínis fullyrt.

Um þátttöku í málefnum hrossaræktar og annari starfsemi innan L.H. má ~~áð~~/segja að heimilt gæti verið að sinna slíkum málum svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við reglur ÍSÍ.

Miðað við núverandi stöðu mála er varðar sameiningu L.H. og HÍS í ein samtök, er rétt að spurt sé um hvað menn ætli að sameinast og á hvaða forsendum og hvernig? Þá er rétt að spurt sé hvernig menn telja að breyta eigi núverandi félagskerfi og hverjar áherslur þeirra eigi að vera við breyttar aðstæður? Á að gera öll hestamannafélög að hestaíþróttafélögum, en það þarf að gera sé farið út í breytingu af þessu tagi. Í þessu sambandi er rétt að benda á að hestamannafélög eru í eðli sínu hagsmunafélög að hluta til og er það m.a. eitt af markmiðum þeirra. Svo virðist að ágreiningur gæti komið upp um þetta atriði.

Í framhaldi af þessari umfjöllun og að höfðu samráði við stjórn Hestaíþróttasambands Íslands er stjórn Landssambands hestamannafélaga sammála um að leggja fyrir þingið eftirfarandi:

Tillaga um sameiningarmál L.H. og HÍS.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. okt. 1995 samþykkir að tilnefna 3 fulltrúa í sameiginlega nefnd með jafnmörgum fulltrúm frá HÍS í þeim tilgangi að finna leiðir til að mynda ein samtök hestamanna í landinu. Slík samtök skulu hafa að markmiði og tilgangi að sinna öllum þáttum hestamennskunnar svo sem hestamennsku sem tólmstundaiðju, ræktunarmálum og keppni í hestaíþróttum í víðum skilningi.

Árþingið gengur út frá því að næsta árþing HÍS samþykki sambærilega tillögu.

Til ferða- og umhverfisnefndar var vísað eftirtöldum þingskjölum:

Þingskjal nr. 10 flytjandi hestamannafélagið Léttir.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi:

1. Að beina því til Vegagerðarinnar að hún, í samráði við viðkomandi hreppsnefndir og fjallskilastjórnir, sjái til þess strax næsta vor að þar sem stofnbraut liggur um afrétt þar sem hrossum er sleppt á, verði sett upp girðing þannig að hrossin eigi ekki greiðan aðgang að þjóðveginum.
2. Að beina því til hestaeigenda og bænda að reyna með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að hross sleppi laus út á vegi landsins og á haustdögum að merkja hross sín með glitmerki í tagl og fax svo öikumenn geti frekar komið auga á þau í tæka tíð og forðast árekstur.

Þingskjal nr. 11 flytjandi hestamannafélagið Fákur.

Reiðvegir.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995,

- leggur áherslu á að Alþingi standi við skýr ákvæði nýlegra vegalaga en þar er tekið fram að fé skuli veitt til reiðvegagerðar.

- leggur áherslu á að Vegagerðin standi við skýr ákvæði nýlegra vegalaga, þar sem skýrt er tekið fram að meðfram vegum með bundnu slitlagi skuli leggja reiðvegi og kosta þá framkvæmd af almennu vegafé.

- leggur áherslu á að Vegagerðin spilli ekki gömlum reiðleiðum nema nýr reiðvegur komi í staðinn og að bætt verði fyrir eldri spjöll á sama hátt.

- leggur áherslu á að sveitarfélög tryggi örugga umferð hestamanna um viðkomandi sveitarfélög og milli þeirra.

- leggur áherslu á að farið sé eftir landslögum um að ekki sé lokað fyrir umferð um hefðbundnar reiðleiðir.

- leggur áherslu á að hefðbundnum reiðleiðum sé ekki breytt í gönguleiðir sem síðan sé bannað að nota sem reiðleiðir.

Þingið felur stjórn L.H. að koma þessum áherslum á framfæri við þá opinberu aðila sem málin varða og að fylgja áherslum eftir gagnvart sömu aðilum.

Þingið hvetur stjórnir einstakra hestamannafélaga til að koma þessum áherslum á framfæri við þá opinberu aðila sem málin varða á hverjum stað og að fylgja áherslum eftir gagnvart sömu aðilum

Greinargerð:

Það er öllum ljóst sem um þjóðvegi landsins aka, að þar sem hross eiga aðgang að vegum skapast gifurleg slysaætta. Má benda á mörg alvarleg umferðarslys víða um land á undanförunum árum þessu til staðfestingar. Í dagblaðinu Degi þann 27. sept. 1995, segir yfirlögregluþjónninn á Sauðárkróki, Björn Mikaelsson, frá því að 24 alvarleg umferðaróhöpp vegna búfjár hafi orðið í Skagafirði á þessu ári og skipti tjón milljónum króna og er þá ekki getið um þau meiðsl sem orðið hafa á fólki. Það er því skylda hestamanna að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að minnka þessa

slysaheattu eins og frekast er kostur. Benda má á, að á Vatnsskarði hefur verið girt með rafmagnsgirðingu beggja vegna vegar og hefur slysatíðni stórminnkað við tilkomu hennar.

Pingskjal nr. 25 flytjandi ferða- og umhverfisnefnd L.H.

Kortlagning reiðleiða og merking áningarhólfa.

46. ársþing LH haldið 27.-28. október 1995 samþykkir að fela stjórn sambandsins að vinna að samræmingu á merkingu á reiðvegum.

Jafnframt verði leitað eftir frekara samstarfi við Landmælingar Íslands og aðra aðila sem gera kort fyrir ferðamenn að halda áfram að færa legu reiðleiða inn á öll helstu kort sem gefin eru út í landinu.

Þá telur fundurinn brýnt að tekið verði saman yfirlit yfir staðsetningu áningarhólfa og komið upp merkingum á þau og settar um þau umgengnisreglur fyrir ferðamenn. Æskilegt væri einnig að staðsetning þeirra verði auðkennd á ofangreindum kortum.

Greinargerð.

Ferðir hestamanna hafa aukist mjög á undanförunum árum. Reiðleiðir hafa víða verið lagðar en á mjög fáum stöðum hafa þær verið merktar á fullnægjandi hátt. Nefndin telur æskilegt að auðkenna reiðleiðir með stöðluðu umferðarmerki; hvítum reiðmanni á hesti á bláum fleti. Einnig væri æskilegt að á eða við við reiðvegamerkið væri komið fyrir viðbótarupplýsingum um reiðleiðina. Sem dæmi mætti nefna vegalengd í næsta áfanga, ábendingar um farartálma, svo sem vöð, girðingar o.fl., æskilega áfanga- og áningarhólf. Hugsanlegt væri einnig að flokka viðkomandi reiðleiðir miðað við hve erfið hún er, svipað og til dæmis tíðkast við skíðabrekkur.

Með vaxandi ferðalögum á hestum um landið er öllum nauðsynlegt, þar á meðal hestamönnum og landeigendum, að reiðleiðir, bæði gamlar og nýjar, komi sem gleggst fram á þeim kortum sem ferðamenn nota almennt og hvaða umferðarreglur gilda á einstökum leiðum. (Stærsti aðili í kortaútgáfu eru Landmælingar Íslands). Á undanförunum árum hafa einnig ferðamálaaðilar á einstökum svæðum gefið út kort sem dreift er ókeypis til ferðamanna. Kort þessi gefa oft greinargóðar upplýsingar um einstök svæði. Æskilegt er að halda áfram samstarfi við þessa aðila og koma reiðleiðum inn á þessi kort, en krafa er um í svonefndum kortastaðli að reiðleiðir séu merktar inn á kort. Væri eðlilegt að hestamannafélög tækju upp samstarf við þessa aðila hver á sínu svæði og fylgdu því eftir að réttar upplýsingar kæmst inn á kortin.

Einnig væri æskilegt að hestamannafélög hvert á sínu svæði safni GPS staðsetningapunktum sérstaklega þar sem reiðleiðir eru óglöggar og liggja um erfið og hættuleg svæði. Þjónar þetta þeim tilgangi að fá nákvæma staðsetningu inn á kort og til að auka öryggi ferðamanna sem hugsanlega ferðast með slíkum tækjum.

Á hverju ári er varið fé úr áningarhólfasjóði LH til gerðar áningarhólfa á vegum hestamannafélaga. Nefndinni er ekki kunnugt um að neitt tæmandi yfirlit sé til yfir þau áningarhólf sem ferðamenn eiga að hafa aðgang að og fjármögnuð hafa verið fyrir tilstyrk hreyfingarinnar. Æskilegt væri að hólfín séu merkt og að fram komi hvaða

umgengnisreglur gildi um hólfín, sérstaklega hvað varðar beit og fóðrun. Þá væri nauðsynlegt að áningarhólfín séu merkt á kort með sérstöku auðkenni.

Þingskjal nr. 26 flytjandi ferða og umhverfisnefnd L.H.

Fjölgun hrossa og aukið beitarálag.

46. ársþing LH haldið í Garðabæ 27.-28. október 1995 lýsir áhyggjum yfir fjölgun hrossa í landinu. Meðal afleiðinga af fjölgun hrossa er stórfellt verðfall á hrossum og að verulegur hluti stofnsins skilar engum arði. Með fjölgun hrossa og ónógum upplýsingum um beitarþol vex einnig hættu á ofbeit.

Þingið felur stjórn samtakanna að kanna þessi mál og taka upp samvinnu við alla þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta um leiðir til úrbóta með eftirfarandi markmið í huga:

1. **Koma í veg fyrir stjórnlausu fjölgun hrossa í landinu og þar með verðfall.**
2. **Forða því að ofbeit af völdum hrossa spilli landgæðum.**

Þá telur þingið nauðsynlegt að stórauka fræðslu um beitaráferðir og beitarálag.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur hrossastofninn í landinu vaxið jafnt og þétt. Segja má að hross hafi fyllt það skarð sem fækkun sauðfjár hefur myndað. Eftir hagtölum landbúnaðarins hefur þróun þessara mála verið eftirfarandi á undanförunum árum:

Ár	Sauðfé	Hross
1970	735.543	33.472
1975	860.778	46.925
1978	890.807	51.019
1980	827.927	52.346
1984	712.900	52.245
1985	709.257	54.132
1986	675.065	56.406
1987	624.087	59.319
1988	586.887	63.531
1989	560.920	69.238
1990	548.599	72.030
1991	510.782	74.067
1992	487.312	75.171
1993	488.787	76.726
1994	499.110	78.517

Eins og sjá má af þessum tölum er fjölgun hrossastofnsins 1.000-1.500 hross á ári umfram slátrun, útflutning og náttúruleg afföll. Verði ekkert að gert fer stofninn yfir 100.000 um eða eftir aldamót.

Þessari fjölgun fylgir aukið framboð á hrossum og verðfall eins og fréttir í Morgunblaðinu 24. október sl. bera glöggt vitni um. Einnig er ljóst að verulegur hluti

Þessa bústofns er ekki til neinna nota fyrir eigendur sína eða samfélagið en veldur auknu álagi á beitarlönd.

Síðastliðið vor boðaði Landgræðslan ríkisins til fundar ýmissa aðila sem þessi mál snerta. Voru þar kynntar hugmyndir um að vorið og sumarið 1995 yrði gerð úttekt á ástandi hrossahaga á Suður- og Suðvesturlandi, Borgarfirði, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu og einnig á öðrum stöðum í landinu þar sem vitað er um vandamál af völdum hrossabeitar. Lagt var til að tilhögun úttektarinnar yrði eftirfarandi:

1. Stuðst er við flokkunarkerfi RALA um flokkun beitolands í áhættuflokka.
2. Sérfræðingar velji ákveðna jörð eða jarðir og prófi flokkunarkerfið í reynd með starfsmanni. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar í ljósi reynslu.
3. Starfsmaður í samráði við héraðsráðunautana og fleiri grófflokki og skrái þær jarðir sem vandamál eru fyrir hendi þannig að heildaryfirlit fáiist.
4. Á síðari stigum myndu starfsmaður og héraðsráðunautur ræða við hlutaðeigandi aðila um leiðir til úrbóta og endanlega flokkun beitar svæða á jörðinni.

Athuganir þessar voru gerðar nú í sumar og liggja niðurstöður þeirra ekki fyrir enn. Fyrstu niðurstöður benda þó til að á nokkrum stöðum á landinu sé verulegt vandamál að ræða í þessu efni og nauðsyn skjótra úrbóta.

Þá munu mál þessi einnig koma til álita í úttekt þeirri sem nefndinni er kunnugt um að unnið er að á vegum landbúnaðarráðuneytisins um stöðu búgreinarinnar.

Ferða- og umhverfisnefnd L.H. telur að hér sé um alvarlegt mál að ræða sem nauðsynlegt sé að taka til umfjöllunar.

Í tillögunni er lagt til að stjórn sambandsins hefji viðræður við alla þá aðila sem málið varðar, en þar eru hafðir í huga ýmsir hagsmunaaðilar, svo sem Bændasamtökin, Félag hrossabænda, L.H., stjórnvöld og fleiri aðilar.

Þá telur nefndin nauðsynlegt að efla kynningarstarf um beitarálag. Í því gæti falist að kenna mönnum að lesa landið svo að menn geti áttað sig á hvenær landið er hóflega nýtt, m.a. með tilliti til sjálfbærrar þróunar.

Til fræðslunefndar var vísað eftirfarandi tillögu:

Þingskjal nr. 12 flytjandi hestamannafélagið Fákur.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 felur stjórn L.H. að láta safna tiltækum gögnum um reiðkennslu og áfangaskiptingu í hestamennskunámi og kanni hvort þau geti orðið grundvöllur að námskrá í hestamennsku fram að bændaskólastigi.

Greinargerð:

Mál þetta hefur verið til umræðu hjá Fákí og fundargerð fylgdi.

Til kynbótanefndar var vísað eftirfarandi tillögu:

Þingskjal nr. 13 flytjandi hestamannafélagið Fákur.

Ræktun.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995

- beinir því til Bændasamtaka Íslands að greint sé á milli starfa ráðunauta og dómara í kynbótum, þannig að sömu menn gegni ekki báðum hlutverkunum. Bendir þingið m.a. á að til er fjölmenn stétt þjálfaðra gæðingadómara sem nú meta kosti hrossa.

- beinir því til Bændasamtaka Íslands að dómara á kynbótasýningum hafi ekki samráð um dóma, heldur kveði hver upp sinn dóm eins og tíðkast í gæðingakeppni.

- beinir því til Bændasamtaka Íslands að lögð sé vinna í að reyna að meta hvert sé markaðsgildi einstakra atriða í byggingu og kostum kynbótahrossa, í því skyni að efla samræmi milli kynbótadóma og mats markaðarins á gildi kynbótahrossa.

- beinir því til Bændasamtaka Íslands að við kynbætur sé tekið tillit til margvíslegra þarfa markaðarins fyrir t.d. fjölskylduhross, sýningahross, útreiðahross, ferðahross og gangnahross til að draga úr líkum á að of þröng stefna í ræktun leiði til þess að skortur verði á hrossum til einstakra þarfa.

Til keppnisnefndar var eftirfarandi tillögum vísað:

Þingskjal nr.14 flytjandi keppnisnefnd (millipingan.)

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á Reglugerð um gæðingakeppni 17. gr. reglugerðar um sérstaka úrslitakeppni.

Lagt er til að á bls. 2.1.7.' Sýna skal hægt tölt' falli út að "Brokk skal" en inn komi í staðinn:

Sýna skal hægt tölt einn hring til vinstri handar og síðan einn hring með hraðamun einnig upp á vinstri hönd (mishröð útfærsla á hægu tölti), síðan snúið við og riðinn einn hringur hægt tölt upp á hægri hönd og þá einn hringur með hraðamun upp á hægri hönd.

Einnig falli út " Að lokum skal sýna greitt tölt" í staðinn komi:

Sýna skal greitt tölt á beinni braut einn og einn í einu (sbr. skeið í úrslitum í A-flokki)

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svona:

B-Flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í B-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur:

Úrslit í B-flokki skulu fara þannig fram:

Sýna skal hægt tölt einn hring til vinstri handar og síðan einn hring með hraðamun einnig upp á vinstri hönd (mishröð útfærsla á hægu tölti), síðan snúið við og riðinn

einn hringur hægt tölt upp á hægri hönd og þá einn hringur með hraðamun upp á hægri hönd.

Brokk skal riðið með hraðamun, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Sýna skal greitt tölt á beinni braut einn og einn í einu (sbr. skeið í úrslitum í A-flokki)

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast upp á vinstri hönd.

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í fyrsta eða annað sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur). Bráðabani skal alltaf riðinn á vinstri hönd, einn hringur á hverri gangtegund. Á þetta við um bæði gæðinga og unglingsflokk.

Þingskjal nr. 15 flytjandi keppnisnefnd (millipinganefnd).

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um barna og unglingskeppni. bls. 3.1.1.

Lagt er til að í kaflanum **Einkunnir** á eftir setningunni: " Fæst þannig meðaleinkunn" komi: **Þá skal gefa sérstaka einkunn fyrir ásetu og stjórnun á hverri gangtegund. Sem gildir 50% í barnaflokki en 33% í unglingsflokki. Út falli setningin "Þá skal gefa sérstaka einkunn....."**

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svo:

Einkunnir:

Notaðir séu spjaldadómar. Einkunnagjöf skal hagað þannig að gefin er sér einkunn fyrir hverja gangtegund, þær síðan lagðar saman og deilt í með fjölda þeirra. Fæst þannig meðaleinkunn. Þá skal gefa sérstaka einkunn fyrir ásetu og stjórnun á hverri gangtegund, sem gildir 50% í barnaflokki en 33% í unglingsflokki. Heimilt er að sýna einungis heildareinkunn hests að lokinni keppni hans ef skráning einkunna fer fram með tölvubúnaði, skal þá sýna röð keppenda eftir einkunnum á tölvuskjá að loknum dómi hvers hests. Einnig skal sýna sundurliðun einkunna strax að lokinni hverri keppnisgrein á tölvuskjá eða prentuðum lista.

Til samræmis er lagt til að við kaflann; Verkefni: bls. 3.1.2. Unglingsflokkur, bætist aftan við: stökk, yfirferðargangur (tölt, brokk eða skeið á langhliðum) og fegurð í reið.

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svo:

Verkefni:

Unglingsflokkur:

Þrjú hringir á 300 m velli og sýni: fet, tölt, brokk, stökk, yfirferðargang (tölt, brokk skeið á langhliðum) og fegurð í reið.

Til samræmis þarf að breyta eyðublaði 3.2.4 þannig að á eftir reit fyrir yfirferðargang komi reitur fyrir fegurð í reið og þá loks reitur fyrir ásetu. Stigaútreikningur þarf því að verða 33% fyrir ásetu og 67% fyrir gangteindir.

Þingskjal nr. 16 flytjandi keppnisnefnd (millipinganefnd).

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum 6.0.1. um framkvæmd lands og fjórðungsmóta.

gr.8 verði svohljóðandi: **forkeppni á lands og fjórðungsmótum verði sem hér segir:**

B-Flokkur gæðinga: fimm hestar inni á hringvellingum í einu riðið upp á vinstri hönd:

Tveir hringir hægt tölt

Tveir hringir brokk frjáls hraði

Tveir hringir greitt tölt á langhliðum

A-Flokkur gæðinga: Fimm hestar inni á hringvellingum í einu riðið upp á vinstri hönd.

Tveir hringir tölt

Tveir hringir brokk

Tvær umferðir skeið, einn og einn í einu.

Barnaflokkur: Fimm hestar inni á hringvellingum í einu riðið upp á vinstri hönd:

Einn hringur fet

Tveir hringir brokk eða tölt

Unglingaflokkur: Fimm hestar inni á hringvellingum í einu riðið upp á vinstri hönd.

Tveir hringir tölt

Tveir hringir brokk

Tveir hringir yfirferðargangur(tölt,brokk eða skeið) á langhliðum

Ungmennaflokkur: Fimm hestar inni á hringvellingum í einu riðið upp á vinstri hönd.

Síðan komi 8. gr. eins og hún er:

Pá breytist 2.1. Reglugerð um gæðingakeppni bls. 2.1.1., II Kafli Um dómara og dómstörf bls. 2.1.4.

14. gr. Hefjist svo: **Á lands og fjórðungsmótum skal forkeppni fara þannig fram, í öllum flokkum, að fimm hestar eru inni hringvellingum í einu og alltaf er riðið upp á vinstri hönd. Að þessari forkeppni lokinni skulu tuttugu efstu í hverjum flokki halda áfram í keppni úrvalsgæðinga samkvæmt reglum L.H. Að öðru leiti er 14. gr.óbreytt**

bls. 2.1.3.

13. gr. 4 málsg. verður þá : **Á innanfélagsmótum hefst forkeppnin með því að hestunum er riðið einum í senn í dóm eftir skráningarröð. Á lands og fjórðungsmótum er fimm hestum riðið í forkeppni í senn, eftir sérstökum reglum, sem gilda ekki á innanfélagsmótum. Að öðru leyti er greinin óbreytt.**

Þingskjal nr.17 flytjandi keppnisnefnd (millipinganefnd).

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum 2.1. Reglugerð um gæðingakeppni

Um keppnishesta og sýnendur 1.gr.

Á eftir setningunni: Rétt til þátttöku hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu... komi;

..... **Ekki er heimilt að skrá 5v hross í fleiri en þrjár greinar á sama móti.**

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svo:

2.1. REGLUGERÐ UM GÆÐINGAKEPPNI

I.Kafli

Um keppnishesta og sýnendur

1.gr.

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll taminn hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Ekki er heimilt að skrá 5v hross í fleiri en þrjár greinar á sama móti. Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga L.H., enda sé forráðamaður búsins eða einhver eigandi þess félagsmaður í viðkomandi félagi. Hrossum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags þ.e. með sama hætti og gildir um hross almennra félagsmanna í hestamannafélagi. Hross sem taka þátt í kynbótasýningu eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskildu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku.

Þingskjal nr. 18 flytjandi keppnisnefnd (millipinganevnd).

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir breytingar á reglugerð um barna og unglingakeppni.

Lagt er til að á bls. 3.1.2 úrslitakeppni- unglingaflokkur.

Falli út: **Í báðum flokkum skal meta ásetu í úrslitakeppni**

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svo:

Úrslitakeppni-Unglingaflokkur:

Tölt,brokk, yfirferð á langhliðum. Minnst tvo hringi til hvorrar handar.

Þingskjal nr. 19 flytjandi keppnisnefnd (millipinganevnd).

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir viðbót við Reglugerð um barna og unglingakeppni.

Lagt er til að tekinn verði upp nýr flokkur sem er ungmennaflokkur. og breytist þá : 3.1. Reglugerð um barna, unglunga og **ungmennakeppni**. bls. 3.1.1. Breytingar og viðbætur eru feitletraðar, Keppnistilhögun skal að öðru leiti vera sú sama og nú gildir fyrir börn og unglunga.

Keppendur: Keppni fer fram í þremur aldursflokkum: A) barnaflokkur, B) unglingaflokkur, c) ungmennaflokkur.

á eftir setningunni” “ í unglingaflokki þeir sem verða 16 ára á árinu komi: **Í ungmennaflokki þeir sem eru 19 ára á árinu.** Í barna, unglunga og **ungmennaflokki** er það knapinn sem Í barna, unglunga og **ungmennaflokki** er knapa skylt.....

Keppnisröð:

á eftir; sú tilhögun verði við ákvörðun á keppnisröð keppenda í barna, unglunga og ungmennakeppni....

Keppnishestur:

Barn, unglingur **eða ungmenni** má ekki mæta til keppni með hross, sem.....

Hross, sem barn, unglingur **eða ungmenni**.....

Einkunnir: Gert er ráð fyrir að ungmennaflokkur sé dæmdur eftir sömu reglum og barna og unglungaflokkur að undanskilinni ásetu. Því breytist setningin: " Þá skal gefa sérstaka einkunn fyrir ásetu og stjórnun **í barna og unglungaflokkum**

á bls. 3.1.2 þarf að gera eftirfarandi breytingar:

Verkefni: þar bætist við;

Ungmennaflokkur:

3 hringir á 300m velli og sýni: fet, tölt, brokk, stökk, yfirferðargang (tölt,brokk eða skeið á langhliðum), fegurð í reið og vilji

Úrslitakeppni-ungmennaflokkur:

Tölt, brokk, yfirferð á langhliðum. Minnst tveir hringir til hvorrar handar.

á bls. 6.0.1 Reglur um framkvæmd Lands og fjórðungsmóta :

þarf að gera eftirfarandi breytingar: 5 liður b hljóðar svo: **Fjöldi þátttakenda í unglunga og ungmennakeppni.**

Þingskjal nr. 20 flytjandi keppnisnefnd (millipinganefnd).

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum 2.1. Reglugerð um gæðingakeppni Um keppnishesta og sýnendur 1.gr.

2 málsgr. "Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús" síðan falli út **og/eða ræktunarsambands.**

Nefndin leggur til að ræktunarsambönd hafi ekki þátttökurétt í keppnum hestamannafélaga, en eigi þó þátttökurétt á lands og fjórðungsmótum sem sjálfstæðir aðilar að L.H. Hestafjöldi færi eftir stærð sambandanna eða samkvæmt ákvörðun stjórnar L.H.

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svo:

2.1. REGLUGERÐ UM GÆÐINGAKEPPNI

I.Kafla

Um keppnishesta og sýnendur

1.gr.

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll taminn hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum

Þessum. Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga L.H., enda sé forráðamaður búsins eða einhver eigandi þess félagsmaður í viðkomandi félagi. Hrossum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags þ.e. með sama hætti og gildir um hross almennra félagsmanna í hestamannafélagi. Hross sem taka þátt í kynbótasýningu eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskildu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku.

Kristmundur Halldórsson bað um orðið vegna þingskjala frá keppnisnefnd. Hann kom inn á að tillögur frá keppnisnefnd væru ekki nógu greinargóðar svo menn gætu betur áttað sig á tillögunum bauð hann greinargóða uppsetningu sem hann var búinn að vinna til hagræðingar við úrvinnslu fyrir keppnisnefnd.

Þingskjal nr. 21 flytjandi hestamannafélagið Geysir.

46. ársþing L.H. í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um gæðingakeppni þ.e. 1. kafla 5. gr. um járnningar.

Lagt er til að önnur málsgrein 5. greinar sem hljóðar svo:

"Í gæðingakeppni eru bannaðar allar járnningaaðferðir, sem ýkja fótaburð, svo og notkun örvandi lyfja. Hóflengd skal vera eðlileg. Eingöngu skulu notaðar venjulegar skeifur, jafnar að lögun, úr smíðajárnsteini. Hámarks þykkt 10 mm, hámarks breidd 20 mm" og sv.frv.,

breytist og orðist svo:

"Í gæðingakeppni eru bannaðar allar járnningaaðferðir, sem ýkja fótaburð, svo og notkun örvandi lyfja. Hóflengd skal vera eðlileg. Eingöngu skulu notaðar venjulegar skeifur, jafnar að lögun, úr smíðajárnsteini. Hámarks þykkt 8 mm, hámarks breidd 20 mm" og sv. frv.

Greinargerð:

Tillagan er flutt til að reyna að minnka álag á fætur gæðinga í keppni, enda segir í 5. gr. að í gæðingakeppni séu bannaðar allar járnningaaðferðir sem ýkja fótaburð.

Þingskjal nr. 22 flytjandi hestamannafélagið Gustur.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir að eftirfarandi breytingar á reglum 3.0 reglugerð um barna- og unglingskeppni. Úrslitakeppni:

Úrslitakeppni fer þannig fram:

gr. 3 þriðja málsgrein sem hefst svo: **Verði fleiri en einn jafn.... falli út og inn komi: Verði tveir eða fleiri knapar jafnir í fyrsta sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur). Ekki skal riðinn bráðabani um önnur sæti.**

Verði þetta samþykkt hljóðar 3. gr. svo:

Dómarar gefa ekki einkunnir heldur sýna á spjaldi í hvaða sæti þeir raða hverjum knapa, fyrir gangtegundir og fyrir ásetu. Sá knapi sem lægsta samtölu fær hefur sigrað. Verði tveir eða fleiri knapar jafnir í fyrsta sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur). Ekki skal riðinn bráðabani um önnur sæti.

Greinargerð:

Samþykkt þessi er í reglum L.H. en hefur einungis verið sett in í IV Kafla um sérstaka úrslitakeppni í Reglugerð um gæðingakeppni. Rétt er að hafa þessa reglu á báðum stöðum.

Þingskjal nr. 23 flytjandi hestamannafélagið Gustur.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á Reglugerð um gæðingakeppni 17. gr. reglugerðar um sérstaka úrslitakeppni:

Lagt er til að á bls. 2.1.7. Á eftir "**Sýna skal hægt tölt, einn hring til hvorrar handar**" falli út "**Síðan hægt tölt með hraðamun, upp að milliferð, einn hring til hvorrar handar**".

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svona:

B-Flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í B-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur:

Úrslit í B-flokki skulu fara þannig fram:

Sýna skal hægt tölt, einn hring til hvorrar handar.

Brokk skal riðið með hraðamun, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Að lokum skal sýna greitt tölt, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast upp á vinstri hönd.

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í fyrsta eða annað sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur). Bráðabani skal alltaf riðinn á vinstri hönd, einn hringur á hverri gangtegund. Á þetta við um bæði gæðinga og unglingsflokkka.

Þingskjal nr. 24 flytjandi Dómarafélag L.H.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á Kafla 5.6.1. Reglur um réttindi gæðinga- og unglingsdómara:

2. gr. fellur út.

Í 3. gr. skal orðið, **gæðingadómara** koma í stað félagsdómara og út falli neðsta málsgrein greinarinnar sem byrjar á: Til þess að hljóta.....o.s.frv.

Í 4. gr. annari málsgrein skulu orðin, með landsdómararéttindi, falla út en í staðinn komi, **reyndir gæðingadómarar**.

Greinarnar færast upp þ.e.a.s. 4. gr. verður 3. gr., 3. gr. verður 2. gr. þar sem lagt er til að 2. gr. falli út.

Síðan bætist við ný grein sem verður 4. gr.

4. gr.

Fyrir fjórðungs- og landsmót skal halda úrtöku meðal gæðingadómara, þeir 10 hæfustu úr þeim dómi, dæmi sem aðaldómarar í A, B, barna og unglingsflokki og þeir 10 efstu þar á eftir verði ritarar. Til þátttöku í þessa úrtöku skal dómari hafa minnst fjögurra ára starfsreynslu. L.H. skal gefa út og senda aðildarfélögum sínum fyrir upphaf hvers keppnistímabils skrá með nöfnum þeirra dómara, sem hafa fullgild dómara réttindi samkvæmt þessari grein.

Í 5. gr. í stað; sem ekki uppfyllir skilyrði 4. greinar, að endurnýja félagsdómara réttindi sín, o.s.frv. komi; sem ekki uppfyllir skilyrði 3. greinar, að endurnýja gæðingadómara réttindi sín o.s.frv. Önnur málsgrein 5. gr. sem byrjar á; Landsdómari, sem... o.s.frv. fellur út.

6. gr., 7. gr. og 8. gr. haldast óbreyttar. Ákvæði til bráðabirgða, falla út.

Greinargerð:

Dómarafélagið telur núverandi fyrirkomulag, annarsvegar A. félagsdómari B. landsdómari, skapa mikla óánægju meðal dómara v/ákvæða um hámarks fjölda landsdómara.

Við teljum þá sem hafa náð réttindum landsdómara ekki fá nægjanlega hvatningu til framþróunar sinnar eigin getu.

Það er öllum áhugamál að dæma á stórmótum, þar sem hver gæðingurinn strýkur annan en til þess starfa leggjum við til að þar dæmi þeir hæfustu líkt og þar keppa þeir hæfustu.

Kl. 16:00 var fundi framhaldið eftir kaffihlé. Þá var komið að dagskrárliðnum:

“Framlag hestamanna og hestamenskunnar til þjóðfélagsins”.

Framsögumenn: Birgir Þorgilsson, Þórarinn Sólmundarson og Einar Bollason.

Birgir Þorgilsson vitnaði til sýningar á íslenska hestinum á Equitana og hversu mjög hann hreifst af þeirri kynningu. Í framhaldi af því kom hann inná að það væri nauðsynlegt að hafa nefnd sem inni markvisst að markaðssetningu og kynningu á íslenska hestinum. Einnig að við mættum ekki láta deigan síga vegna þeirrar samkeppni sem er á sviði ferðaþjónustu og þá helst hestaferðir. Hann dró ekki dul á það að íslenska ríkið hefði mun meira út úr hestamenskunni en mönnum órar fyrir.

Þórarinn Sólmundarson fjallaði um mikilvægi hestsins í þjóðfélaginu sem kæmist illa til skila hjá ráðamönnum þjóðarinnar. Hann talaði um hvað uppeldislegt gildi hestamenskunnar sé mikið. Þórarinn telur óþarfi hjá L.H. að taka skatt af börnum og unglingum. Hann segir að hestamensknan sé einn af burðarásu ferðaþjónustu í landinu og öllu sumarstarfi til sveita. Þórarinn talar um starfsemi í kringum hestmennsku sé orðin gífurleg. Atvinnuskapandi framlag hestamanna og hestamenskunnar í þjóðfélaginu er mikið, miklu meira og fjölpættara en menn almennt gera sér grein fyrir, en ætlað er að um eitt þúsund störf í landinu séu til orðin vegna hestamenskunnar og þjónustu henni tengdri. Sambærileg starfsemi erlendis er einnig

mjög mikil, tengd íslenska hestinum og landnámi hans í mörgum löndum. Hann furðar sig á afskiptaleyssi stjórnvalda miðað við alla þessa starfsemi sem hér sannarlega er. Þórarinn minntist minnkandi áhuga almennings á mótum og segir að mótin séu hreinlega leiðinleg og laus við alla spennu og þessu þurfi að breyta sem fyrst. Einnig þurfi að örva hinn almenna félagsmann til þátttöku í keppnum. Þórarinn talar um vaxandi útflutning á hrossum en furðar sig á hinu lága opinbera verði sem sé á hrossum. Þórarinn vill að við hestamenn eflum rannsóknarstarf á sjúkdómum sem hrjá íslenska hestinn erlendis og talar sérstaklega um sumarexemið og spattið því þetta er mjög vaxandi vandamál og önnur hestakyn sækja mjög á markaði erlendis. Þórarinn minntist einnig á ræktun útlendinga á íslenska hestinum og telur að við eigum að leiðbeina þeim í ræktunar og uppeldismálum, það sé okkur til góðs.

Einar Bollason gagnrýndi ritstjóra Eiðfaxes fyrir það hversu lítið hann gerði úr þema þingsins þ.e. framlagi hestamennskunnar til þjóðfélagsins. Hann taldi úrbóta þörf á sviði reiðvegagerðar, afnám útflutningstolla og markaðsmála. Einar kom að því hversu erfitt er að fá réttar tölur um hversu miklu hestamennskan skilar til þjóðarbúsins. Einar vildi meina að 4-500 manns hefðu beina atvinnu af þjónustu við erlenda ferðamenn sem koma hingað til lands vegna íslenska hestsins. Hann kom inná gildi hestaferðanna og gagnrýndi þar Vegagerðina vegna reiðvega með nýlögðum vegum. Einar bar saman Landsmót 1994 á Hellu og heimsmeistaramótið í handknattleik 1995 og hversu miklu fleiri útlendingar sóttu landið heim á Landsmótinu 1994 og hversu mikill munur var á þætti hins opinbera á þeim sviðum. Hann hvatti í lokin hestamenn til dáða og vildi meina að framtíðin væri björt.

Að loknum framsöguerindum var orðið gefið laust.

Sigurður Þórhallsson þakkaði framsögumönnum góð erindi og hvatti til umræðna um málið. Hann kynnti stöðuna í reiðvegamálu. Hrósaði Mánamönnum fyrir stórvirki í reiðvegagerð, þeir væru með dugnaði sínum að opna Reykjanesið fyrir umferð hestamanna. Víðar væri unnið mikið að bættri reiðvegagerð. Lýsti hann samstarfi við Vegagerðina í stuttu máli.

Sveinbjörn Eyjólfsson þakkaði framsögumönnum fyrir góð erindi. Talaði um það hversu erfitt er að fá fjármagn til hestamennskunnar, vegna þess hversu erfitt er að afla upplýsinga, hversu miklu íslenski hesturinn skilar til þjóðarbúsins. Gagnrýndi uppgefið söluverð á íslenskum hestum til útflutnings.

Pétur Behrens þakkar góð erindi. Hann talaði um sumarexemið og segir það gríðarlegt vandamál víða erlendis. Pétur sagði að fyrir átta árum hafi komið tilboð erlendis frá um þátttöku í rannsóknarverkefni á exeminu, Íslendingar þurftu einungis að borga kaup einnar skrifstofustúlku í þessu verkefni. Því var hafnað og varð því ekkert af þessu. Pétur segir þetta ekki ganga lengur og við þurfum að þrýsta meira á stjórnvöld í þessum efnunum.

Reynir Hjartarson ræddi um erfiðleika með fjármagn til hestamennskunnar, hann taldi að það væri einnig okkar sök. Vitnaði til sýninga á Akureyri á íslenska hestinum og fjáröflun með þeim hætti. Taldi það vera gott dæmi um það hvernig við getum sannað okkur fyrir bæjarfélögum og hinu opinbera.

Guðlaug Hermannsdóttir vitnaði í ræðu Þórarins Sólmundarsonar vegna þess gráa svæðis sem gjaldeyrisöflun er vegna útflutnings á íslenska hestinum. Og fór almennt yfir þau mál hversu mikið þjóðhagslegt gildi íslenski hesturinn hefur fyrir þjóðarþíði.

Einar Bollason talaði um frábært framtak Eyfirðinga um sýningu í miðbæ og vill skora á menn að beita sér fyrir þessum hlutum til að kynna hestinn enn frekar fyrir þúsundum manna.

Porkell Bjarnason þakkar gagnlegar umræður og telur sig og fjölskyldu vera eina af upphafsmönnum að hestaferðum. Talaði almennt um ferðamennsku og sagði frá gömlum mönnum sem voru með hestaferðir hér áður fyrir. Talaði einnig um nauðsyn þess að opna gamlar reiðleiðir og gleðst yfir því að nú er verið að bæta reiðleiðir á Suðurnesjunum.

Pétur Jökull Hákonarson þakkaði framsögumönnum fyrir góð erindi. Sagði frá sýningu unglunga í Herði sem fóru til Vestmannaeyja. Lýsti þátttöku Harðarfélaga í uppákomum hjá Mosfellsbæ. Hafði orð á því að hestamenn þyrftu að gera meira af því að kynna sýna starfsemi.

Haraldur Haraldsson Fáki talar um minnimáttarkennd hestamanna. Við verðum að sýna hvað við getum gert sjálf til að fá aðra í lið með okkur. Hestamenn reyndu að koma kynningu á milli hestamannafélaga, hafa tengilið á milli félaganna, ef menn færa sig á milli félagssvæða. T.d. norðanmaður kemur suður til að ríða út. Einnig að auka skemmtun t.d. að koma af stað veðreiðum til að auka þátttöku hestamenskunnar.

Jón Albert þakkaði góð erindi. Vitnaði til markaðssetningar á íslenska hestinum, að hún væri í molum. Gagnrýndi auglýsingu Fjórðungsmóts 1996 en hrósaði hinsvegar þeim bæklingi sem dreift var í Sviss um Landsmótið 1998.

Umræðum lokið og sameiginlegu þinghaldi föstudagsins, og við tóku nefndastörf.

Laugardagurinn 28. október kl. 10.00. Þingfundur hefst. Nefndir skila álit.

Þingforseti **Sverrir Hallgrímsson** setti fundinn og bauð þingfulltrúum að ganga í salinn.

Gerð grein fyrir störfum nefnda.

Allsherjarnefnd.

Hallgrímur Jónasson gerði grein fyrir störfum **allsherjarnefndar**. Þingskjölum nr. 5, 6, 7, 8, 9 og 27 hafði verið vísað til nefndarinnar til afgreiðslu.

Þingskjal nr. 5. Var samþykkt í nefndinni en bætt við 2 liðum. Einnig var samþykkt að flýta niðurstöðum nefndarinnar, þannig að nefndin skili af sér á ársþingi L.H. 1996. En þannig átti upprunalega þingskjalið að hljóða.

Nefndin lagði fram breytingatillögu við þingskjal nr. 5. Breytingatillagan hljóðar svona:

Breytingartillaga við þingskjal nr. 5

Landsmót - stefnumótun til framtíðar.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 beinir því til stjórnar L.H. að mótanefnd skoði eftirfarandi:

1. **Rekstrarform landsmóta.**
2. **Innihald landsmóta.**

3. **Fjármál landsmóta.**
4. **Rammasamning við BÍ.**
5. **Eftirgjald til L.H.**
6. **Ákvörðun um landsmótsstað með að minnsta kosti 3ja ára fyrirvara.**
7. **Skilgreining á aðstöðu mótssvæða sem þarf til landsmótahalds.**

Nefndin fái skriflegar umsagnir um framangreind atriði frá:

Kaldármelum, Vindheimamelum, Melgerðismelum, Austurlandi, Gaddstaðafötum, Fáki og Bændasamtökum Íslands.

Nefndin getur leitað umsagnar fleiri aðila. Tillögum skal skila á ársþing 1996.

Breytingatillagan borin undir atkvæði hún var felld.

Þingskjal nr. 5 er eftirfarandi:

Landsmót - stefnumótun til framtíðar.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 beinir því til stjórnar L.H. að mótanefnd skoði eftirfarandi:

1. **Rekstrarform landsmóta.**
2. **Innihald landsmóta.**
3. **Fjármál landsmóta.**
4. **Rammasamning við BÍ.**
5. **Eftirgjald til L.H.**

Nefndin fái skriflegar umsagnir um framangreind atriði frá:

Kaldármelum, Vindheimamelum, Melgerðismelum, Austurlandi, Gaddstaðafötum, Fáki og Bændasamtökum Íslands.

Nefndin getur leitað umsagnar fleiri aðila. Tillögum skal skila á ársþing 1996.

Þingskjal 5 borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6.

Nefndin leggur til að mótanefnd dragi tillöguna til baka. Því ef tillaga nr. 7 verði samþykkt sé brostinn grundvöllur fyrir fjórðungsmót.

Skúli Kristjánsson í Svignaskarði segir að ef tillaga 7 verði samþykkt verði kvöð á Austur og Vesturlandi að halda mót annað hvert ár og leggur til að fjórðungsmót verði felld niður.

Tillagan var dregin til baka.

Hallgrímur Jónasson flytur breytingatillögu við þingskjal nr. 7.

Breytingartillaga við þingskjal nr. 7.

Landsmót annað hvert ár.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995, **samþykkir að Landsmót verði haldin annað hvert ár, frá og með árinu 2000.**

Sveinbjörn Eyjólfsson vildi fá rök fyrir fjölgun landsmóta.

Haraldur Sveinsson var fullur efasemda um fjölgunina og taldi mótsgestum mundi fækka. Það hefði átt að kanna vilja almennra félagsmanna um fjölgun móta með tilliti til fjárhagsáhættu félaganna.

Hallgrímur Jónasson tók til máls og studdi álit nefndarinnar frekari rökum. **Guðmundur Jónsson** segir umfjöllun t.d. á kynbótahrossum verði meiri og landsmótin séu orðin risavaxin fyrirtæki vegna þess hve sjaldan þau eru haldin og fjórðungsmót farin að nálgast landsmótin að stærð.

Þorsteinn Eypórsson telur að mótin muni þynnast út við fjölgunina og erfiðara verði fyrir félögin að halda þau.

Páll Stefánsson telur að hinn almenni félagsmaður sé ekki tilbúinn í fjárhagsáhættuna sem landsmótum fylgdi og taldi rétt að þeir aðilar sem högnuðust mest á landsmótum mundu taka þátt í kostnaði s.s. Ferðapjónustan og Bændasamtökin.

Sveinn Fjeldsted telur ekki óeðlilegt að litlu félögin séu hrædd við að fjölga mótum og telur að uppbygging mótsvæðanna eigi að koma meira frá sveitarfélögunum en ekki félögunum. Sveinn telur að leggja eigi niður fjórðungsmótin og hafa landsmót á tveggja ára fresti. Það sé kominn tími til breytinga.

Kristinn Hugason talar um fjölgun landsmóta með tilliti til kynbóta og telur það af hinu góða hins vegar þurfi að skoða málið í heild sinni. Hann telur að ekki eigi að skoða kynbótahross á stórmótum. Kristinn segir hestamenn mjög íhaldssama og telur að það eigi t.d. að stofna hlutafélag Landsmót h.f. og ætti L.H. að vera hluthafi, Bændasamtökin og fleiri slík samtök. Honum finnst ótrúlega þreytandi að vera þáttakandi í umræðum sem ekki horfa fram á við.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta 56 atkvæðum gegn 6.

Þingskjal nr. 8.

Hallgrímur Jónasson talaði fyrir breytingartillögu við þingskjal nr. 8.

Breytingartillagan hljóðar svo:

46. ársþing haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995, **beinir því til landbúnaðarráðherra að þegar verði settar reglur í samráði við stjórn L.H. þar sem fram koma nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru, þegar upp kemur grunur um smitsjúkdóma í hestum sbr. 7. gr laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.**

Var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða .

Þingskjal nr. 9. Fákur dró þingskjal nr. 9 til baka.

Þingskjal nr. 27.

Hallgrímur Jónasson flutti breytingartillögu. Breytingin fólst eingöngu í því að breytt var lokasetningu þingskjalsins sem var svohljóðandi: "**Ársþingið gengur út frá því að næsta ársþing HÍS samþykki sambærilega tillögu**"; en breytt hljóðar setningin svo: "**Ársþingið mælist til að stjórn HÍS skipi 3 fulltrúa í áðurgreinda nefnd**". Að öðru leyti er þingskjalið óbreytt eins og það var lagt fram af stjórn L.H. Sjá þingskjalið á bls. 7 og 8.

Hallgrímur Jónasson segir mjög nauðsynlegt að fá botn í þetta mál hið fyrsta og telur að nefndin eigi jafnvel að ráða starfsmann í málið.

Guðbrandur Kjartansson segist hundleiður á þessu máli, hafi verið á móti þessari sameiningu en nú vilji hann bara losna við þetta af borðinu og þess vegna styður hann þessa tillögu. Við erum sterkust í einum samtökum.

Jón Albert Sigurbjörnsson segir ekki skrytið að þetta hafi tekið langan tíma en núna sé rétti tíminn. Hestamenn séu orðnir 3ja stærsta félagið innan ÍSÍ og að Fákur sé orðið sterkasta íþróttafélagið í Reykjavík.

Marinó Hákonarson segir að það verði erfitt að sameina alla þætti hestamenskunnar innan ÍSÍ, en við höfum sérstöðu með hestinn hér vegna öðruvísi keppni en er erlendis.

Pétur Jökull segir að engin vandræði verði að sameina þetta frá hendi ÍSÍ. Segir að Fákur sé búinn að ræða við ÍSÍ í fimmtán ár. Pétur er sammála tillögunni og vill að þessu ljúki sem fyrst.

Sigfús Guðmundsson er búinn að koma nærri þessum málum lengi og oft hafi verið mikill hiti í mönnum en það er bara af því góða. Sigfús sá mörg ljón í veginum í byrjun en núna eru þau horfin og kostirnir eru miklu fleiri en gallarnir ef við sameinumst. Nú er lag að drífa í þessu og samþykkja tillöguna.

Sigurður Ragnarsson fagnar tillögunni og sérstaklega því að fá ákveðið tækifæri til að segja já eða nei. Fagnar einnig tímamörkunum.

Guðmundur Jónsson segir ekki rétt hjá Pétri að baráttan hafi byrjað hjá Faki fyrir 15 árum hún hafi hafist við stofnun Fáks 1922.

Sigrún Ólafsdóttir segir forráðamenn ÍSÍ séu okkur mjög hliðhollir og telur að við eigum að drífa mjög í þessum sameiningarmálum og hvetur þingheim til að samþykkja tillöguna vegna þess að þetta er sameining ekki samruni. Við erum sterkari á eftir.

Hallgrímur Jónasson var ánægður með þessa jákvæðu umræðu og ef tillagan verður samþykkt verða þeir þrír fulltrúar sem eiga að skipa nefndina af hálfu L.H. tilnefndir.

Þingskjal nr. 27 með áðurgreindum breytingum var borið undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Í framhaldi af samþykkt þingskjalsins gerði Hallgrímur tilögu um eftirgreinda í nefndina: **Harald Þórarinnsson Sleipni, Sigfús Helgason Létti og Sveinbjörn Sveinbjörnsson Gusti**, . Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Matarhlé var gert kl. 12:30.

Framhald umræðna eftir matarhlé. Fundur hófst kl. 13:30 og bað þingforseti **Andreas Bergmann** þingfulltrúa að ganga í salinn til áframhaldandi starfa.

Ferða- og umhverfisnefnd.

Sveinbjörn Eyjólfsson gerði grein fyrir störfum **ferða- og umhverfisnefndar**. Fyrir lágu þingskjöl nr. 10, 11, 25, 26.

Þingskjal nr. 10.

Nefndin jók við tillöguna þriðju málsgrein:

3. Að beina því til Vegagerðarinnar að þar sem lausaganga hrossa er leyfð verði sett upp aðvörunarskilti um að von sé á umferð hrossa.

Þannig breytt var þingskjalið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu og er svohljóðandi:

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi:

1. **Að beina því til sveitastjórna landsins að þær, í samráði við viðkomandi fjallskilastjórnir, sjái til þess strax næsta vor að þar sem stofnbraut liggur um afrétt þar sem hrossum er sleppt á, verði sett upp girðing þannig að hrossin eigi ekki greiðan aðgang að þjóðvegnum.**
2. **Að beina því til hestaeigenda og bænda að reyna með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að hross sleppi laus út á vegi landsins og á haustdögum að merkja hross sín með glitmerki í tagl og fax svo ökumenn geti frekar komið auga á þau í tæka tíð og forðast árekstur og slys.**
3. **Að beina því til Vegagerðarinnar að þar sem lausaganga hrossa er leyfð verði sett upp aðvörunarskilti um að von sé á umferð hrossa.**

Þingskjal nr. 11.

Nefndin lagði til smáorðalagsbreytingar. Þingskjalið var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og hljóðar svo eftir orðalagsbreytingar:

Reiðvegir.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995,

- **leggur áherslu á að Alþingi standi við ákvæði nýlegra vegalaga en þar er tekið fram að fé skuli veitt til reiðvegagerðar.**
- **leggur áherslu á að Vegagerðin standi við ákvæði nýlegra vegalaga, þar sem skýrt er tekið fram að meðfram vegum með bundnu slitlagi skuli leggja reiðvegi og kosta þá framkvæmd af almennu vegafé.**
- **leggur áherslu á að Vegagerðin spilli ekki gömlum reiðleiðum nema nýr reiðvegur komi í staðinn og að bætt verði fyrir eldri spjöll á sama hátt.**
- **leggur áherslu á að sveitarfélög tryggi örugga umferð hestamanna um viðkomandi sveitarfélög og milli þeirra.**
- **leggur áherslu á að farið sé eftir landslögum um að ekki sé lokað fyrir umferð um hefðbundnar reiðleiðir.**
- **leggur áherslu á að hefðbundnum reiðleiðum sé ekki breytt í gönguleiðir sem síðan sé bannað að nota sem reiðleiðir.**

Þingið felur stjórn L.H. að koma þessum áherslum á framfæri við þá opinberu aðila sem málin varða og að fylgja áherslum eftir gagnvart sömu aðilum.

Þingið hvetur stjórnir einstakra hestamannafélaga til að koma þessum áherslum á framfæri við þá opinberu aðila sem málin varða á hverjum stað og að fylgja áherslum eftir gagnvart sömu aðilum

Pingskjal nr. 25.

Nefndin lagði til smáorðalagsbreytingar. Tillagan var samþykkt með áorðnum breytingum og hljóðar svo:

Kortlagning reiðleiða og merking áningarhólfa.

46. ársþing LH haldið 27.-28. október 1995 **samþykkir að fela stjórn sambandsins að vinna að samræmingu á merkingu á reiðvegum.**

Jafnframt verði leitað eftir frekara samstarfi við Landmælingar Íslands og aðra aðila sem gera kort fyrir ferðamenn að halda áfram að færa legu óumdeilda reiðleiða inn á öll helstu kort sem gefin eru út í landinu.

Þá telur fundurinn brýnt að tekið verði saman yfirlit yfir staðsetningu áningarhólfa og komið upp merkingum á þau og settar um þau umgengnisreglur fyrir ferðamenn. Æskilegt væri einnig að staðsetning þeirra verði auðkennd á ofangreindum kortum.

Pingskjal nr. 26.

Nefndin lagði til smáorðalagsbreytingar. Tillagan var samþykkt samhljóða og hljóðar svo:

Fjölgun hrossa og aukið beitarálag.

46. ársþing LH haldið í Garðabæ 27.-28. október 1995 **lýsir áhyggjum yfir fjölgun hrossa í landinu. Meðal afleiðinga af fjölgun hrossa er stórfellt verðfall á hrossum og að verulegur hluti stofnsins skilar engum arði. Með fjölgun hrossa og ónógum upplýsingum um beitarþol vex einnig hættu á ofbeit.**

Þingið felur stjórn samtakanna að kanna þessi mál og taka upp samvinnu við alla þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta um leiðir til úrbóta með eftirfarandi markmið í huga:

1. Koma í veg fyrir stjórnlausu fjölgun hrossa í landinu og þar með verðfall.
2. Forða því að ofbeit af völdum hrossa spilli landgæðum.

Þá telur þingið nauðsynlegt að stórauка fræðslu um beitaráðferðir og beitarálag.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur hrossastofninn í landinu vaxið jafnt og þétt. Segja má að hross hafi fyllt það skarð sem fækkun sauðfjár hefur myndað. Eftir hagtölum landbúnaðarins hefur þróun þessara mála verið eftirfarandi á undanförunum árum:

Ár	Sauðfé	Hross
1970	735.543	33.472
1975	860.778	46.925
1978	890.807	51.019
1980	827.927	52.346
1984	712.900	52.245
1985	709.257	54.132
1986	675.065	56.406

1987	624.087	59.319
1988	586.887	63.531
1989	560.920	69.238
1990	548.599	72.030
1991	510.782	74.067
1992	487.312	75.171
1993	488.787	76.726
1994	499.110	78.517

Eins og sjá má af þessum tölum er fjölgun hrossastofnsins 1.000-1.500 hross á ári umfram slátrun, útflutning og náttúruleg afföll. Verði ekkert að gert fer stofninn yfir 100.000 um eða eftir aldamót.

Þessari fjölgun fylgir aukið framboð á hrossum og verðfall eins og fréttir í Morgunblaðinu 24. október sl. bera glöggt vitni um. Einnig er ljóst að verulegur hluti þessa bústofns er ekki til neinna nota fyrir eigendur sína eða samfélagið en veldur auknu álagi á beitarlönd.

Síðast liðið vor boðaði Landgræðsla ríkisins til fundar ýmissa aðila sem þessi mál snerta. Voru þar kynntar hugmyndir um að vorið og sumarið 1995 yrði gerð úttekt á ástandi hrossahaga á Suður- og Suðvesturlandi, Borgarfirði, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu og einnig á öðrum stöðum í landinu þar sem vitað er um vandamál af völdum hrossabeitar. Lagt var til að tilhögun úttektarinnar yrði eftirfarandi:

1. Stuðst er við flokkunarkerfi RALA um flokkun beitalands í áhættuflokka.
2. Sérfræðingar velji ákveðna jörð eða jarðir og prófi flokkunarkerfið í reynd með starfsmanni. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar í ljósi reynslu.
3. Starfsmaður í samráði við héraðsráðunautana og fleiri grófflokki og skrái þær jarðir sem vandamál eru fyrir hendi þannig að heildaryfirlit fáiast.
4. Á síðari stigum myndu starfsmaður og héraðsráðunautur ræða við hlutaðeigandi aðila um leiðir til úrbóta og endanlega flokkun beitar svæða á jörðinni.

Athuganir þessar voru gerðar nú í sumar og liggja niðurstöður þeirra ekki fyrir enn. Fyrstu niðurstöður benda þó til að á nokkrum stöðum á landinu sé verulegt vandamál að ræða í þessu efni og nauðsyn skjótra úrbóta.

Þá munu mál þessi einnig koma til álita í úttekt þeirri sem nefndinni er kunnugt um að unnið er að á vegum landbúnaðarráðuneytisins um stöðu búgreinarinnar.

Ferða- og umhverfisnefnd L.H. telur að hér sé um alvarlegt mál að ræða sem nauðsynlegt sé að taka til umfjöllunar.

Í tillögunni er lagt til að stjórn sambandsins hefji viðræður við alla þá aðila sem málið varðar, en þar eru hafðir í huga ýmsir hagsmunaaðilar, svo sem Bændasamtökin, Félag hrossabænda, Landssamband hestamannafélaga, stjórnvöld og fleiri aðilar.

Þá telur nefndin nauðsynlegt að efla kynningarstarf um beitarálag. Í því gæti falist að kenna mönnum að lesa landið svo að menn geti áttað sig á hvenær landið er hóflega nýtt, m.a. með tilliti til sjálfbærrar þróunar.

Engar umræður urðu um tillögur ferða- og umhverfisnefndar.

Fræðslunefnd.

Pétur Jökull gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, fyrir henni lá þingskjal nr. 12. Nefndin óskaði samhljóða eftir því að þingskjalið yrði dregið til baka, og í stað þess yrði lögð fram ályktun þingsins um fræðslumál til samþykktar. Sveinn Fjeldsted samþykkti að draga þingskjal nr. 12 til baka.

Ályktun um fræðslumál.

46. ársþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Garðabæ 27. og 28. okt. 1995 skorar á menntamálaráðuneytið að endurskoða afstöðu sína til þátttöku við gerð námsefnis og námskrár í hestamennsku og reiðkennslu fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Greinargerð.

Á vegum Hólaskóla er nú unnið að gerð kennslubókar í hestamennsku. Það er öllum ljóst að útgáfa námsefnis í hestamennsku er löngu orðin tímabær og nauðsynlegt að samræmd kennslugögn séu til fyrir reiðkennara og leiðbeinendur á grunn- og framhaldsskólastigi. Nám í hestamennsku hefur mikið uppeldislegt gildi og er þáttur í eðlilegri fræðslustarfsemi í landinu í dag.

Ályktunin borin upp og samþykkt samhljóða.

Kynbótanefnd.

Árni Jóhannsson Geysi gerði grein fyrir störfum kynbótanefndar. Fyrir lá þingskjal nr. 13.

Nefndin hafði rætt ítarlega um þingskjalið sem var í fjórum liðum sem öllum var beint til Bændasamtaka Íslands. Nefndin leggur til að fyrsti liður þingskjalsins verði dregin til baka, breytt verði orðalagi annars liðs, þriðji liður breytt orðalag og fjórða lið vísað frá.

Reynir Hjartarson óskaði eftir því að greinarnar yrðu bornar upp hver fyrir sig. **Skúli Kristjánsson** lýsti vonbrigðum um hversu lítið kemur út úr umræðum frá nefndinni. Benti á nauðsyn þess að halda inni öllum þáttum íslenska hestsins í ræktuninni.

Páll Stefánsson tók til máls og hvatti ráðunauta til breytinga.

Kristinn Hugason lýsti þeirri skoðun að samræming kynbótadóma væri mjög góð og því væri hægt að fækka dómurum verulega. Fjölgun hefði einungis aukinn kostnað í för með sér en ekki aukin afköst eða gæði. Fjallaði síðan um framtíðarhugmyndir sínar varðandi kynbótadóma og hvað hafi verið gert undanfarin ár til framþróunar á þessu sviði.

Reynir Hjartarson sagði frá bréfi sem hann sendi 60 manns í sumar og svörum þeirra. Benti á að skynsamlegast væri að LH léti gera markvissa könnun t.d. Gallup á skoðunum og vilja hestamanna.

Viðar Halldórsson sagði frá óánægju margra hestamanna um dóma o.fl.

Sveinbjörn Eyjólfsson ræddi um kynbótastarfið og spurningalista Reynis Hjartarsonar. Benti á ónákvæmni í vinnubrögðum og tók undir hugmyndir Reynis um að fá utanaðkomandi til þess að gera könnun á skoðunum og vilja hestamanna.

Kristinn Hugason minnti á að Jónas búnaðarmálastjóri legði hrossaræktinni mikið lið. Sagðist leggja mikið á sig til þess að reyna að fá meira fjármagn til hrossaræktarinnar.

Gengið var til atkvæða um lið 2 og hann samþykktur með 47 atkvæðum gegn 4 .

Þriðji liður samþykktur með 51 atkvæði gegn 2.

Samþykkt ársþingsins um kynbótamál eftir áorðnar breytingar á þingskjali nr. 13 er svohljóðandi:

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995

- beinir því til Bændasamtaka Íslands að dómara á kynbótasýningum hafi ekki samráð um dóma, heldur kveði hver upp sinn dóm og reiknað verði út meðaltal.

- beinir því til Bændasamtaka Íslands að haldið sé áfram að leggja vinnu í að meta hvert sé markaðsgildi einstakra atriða í byggingu og kostum kynbótahrossa, í því skyni að efla samræmi milli kynbótadóma og mats markaðarins á gildi kynbótahrossa.

Æskulýðsnefnd.

Rosemarie Þorleifsdóttir gerði grein fyrir störfum æskulýðsnefndar fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 15, 18, 19, 22 og 28 til umfjöllunar, en þingskjölin voru einnig tekin fyrir og rædd í keppnisnefnd. Sjá umræður um þingskjölin og afgreiðslu þeirra við kynningu keppnisnefndar en æskulýðsnefnd þingsins starfaði einnig með keppnisnefnd á þinginu.

Rosemarie talar um gott samstarf við ÍSÍ segir að við þurfum að virkja og mennta fulltrúa til starfa að æskulýðsmálum. Aðlaga barn að barnaþörfum og unglinga að unglingaþörfum en ekki að þörfum fullorðinna. Þær miklu kröfur sem gerðar eru til barna er skaðlegar börnum skv. nýjustu rannsóknunum. Telur að við þurfum að mennta dómara til að dæma barna og unglíngakeppni.

Þingskjal nr. 15.

Varðandi þingskjalið leggur nefndin til að það verði fellt niður en ársþingið samþykki í þess stað svohljóðandi ályktun:

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 **beinir þeim tilmælum til hestamannafélaganna í landinu að skipta barnaflokknum í tvo hópa þar sem fjöldinn er nægur til þess. Bent skal á skiptinguna 6-10 ára og 11-12 ára. Það er öllum ljóst að þroskabil milli 6 og 12 ára er mjög mikið og því getur svona keppni verið frekar niðurbrjótandi heldur en uppbyggjandi.**

Einnig skal á það bent að mikilvægt er að veita öllum börnum viðurkenningu fyrir þátttöku. Oft hefur það komið fyrir að eitt eða tvö börn fá ekki viðurkenningu. Í slíkum tilfellum hefur ípróttin vægast sagt lítið uppeldisgildi.

Loks viljum við hvetja dómara til þess að gæta þess að ásetueinkunn barna sé gefin óháð hestinum.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Jafnframt vill æskulýðsnefnd þingsins taka undir svohljóðandi áskorun ráðstefnu æskulýðsfulltrúa L.H. og HÍS sem haldin var í Munaðarnesi 20.-22. október s.l. sem var svohljóðandi:

Ályktun ráðstefnunnar:

Við skorum á fræðslunefndir L.H. og H.Í.S. að sjá til þess að aðgengilegt fræðsluefni fyrir börn og unglunga verði til, til afnota fyrir unglिंगafulltrúa félaganna. Bendum við í því sambandi á vandað efni sem Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur hefur látið útbúa. Við viljum því beina því til æskulýðsnefndar að fylgja þessu máli eftir.

Samþykkt samhljóða.

Keppnisnefnd.

Marteinn Valdimarsson gerði grein fyrir störfum **keppnisnefndar**. Þingskjölum 14-24 var vísað til keppnisnefndar. Æskulýðsnefnd hafði fjallað um þingskjöl keppnisnefndar sem lutu að keppni í barna og unglिंगaflokkum.

Marteinn kynnti breytingartillögu á þingskjölum 14 og 23 sem voru sameinuð í eitt þingskjal og hljóðar svo eftir breytingu:

Breytingartillaga við þingskjöl nr: 14 og 23

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á Reglugerð um gæðingakeppni 17. gr. reglugerðar um sérstaka úrslitakeppni:

Lagt er til að á bls. 2.1.7. að í stað "**Sýna skal hægt tölt, einn hring til hvorrar handar**" komi: **Sýna skal hægt tölt, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar**. Út falli setningin; "**Síðan hægt tölt með hraðamun, upp að milliferð, einn hring til hvorrar handar**". Í setningunni; Að lokum skal sýna greitt tölt, bætist við; á **langhiðum** allt að tveim hringjum til hvorrar handar.

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svona:

B-Flokkur:

Í upphafi úrslitakeppni í B-flokki skulu eftirfarandi atriði lesin upp fyrir keppendur:

Úrslit í B-flokki skulu fara þannig fram:

Sýna skal hægt tölt, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Brokk skal riðið með hraðamun, allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Að lokum skal sýna greitt tölt, á langhiðum allt að tveimur hringjum til hvorrar handar.

Á milli atriða og þegar skipt er um hring, skulu keppendur hægja hesta sína niður á fet, jafna bilin og bíða frekari fyrirmæla frá stjórnanda.

Öll úrslitakeppni skal hefjast upp á vinstri hönd.

Séu tveir eða fleiri hestar jafnir í fyrsta eða annað sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur). Bráðabani skal alltaf riðinn á vinstri hönd, einn hringur á hverri gangtegund. Á þetta við um bæði gæðinga og unglिंगaflokka.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Þingskjal nr. 16.

Marteinn gerði grein fyrir þingskjalinu, sjá þingskjalið síðar undir umfjöllun keppnisnefndar á bls. 35.

Guðlaug Hermannsdóttir lýsti ánægju sinni með tillöguna.

Pétur Jökull lýsti yfir ánægju sinni og styður tillöguna.

Jón Albert lýsti sig samþykkan að reyna nýjar leiðir og styður tillöguna.

Marteinn Valdimarsson svaraði spurningum um einstök atriði.

Sigurður Ævarsson benti á einstök tæknileg atriði við textann í þingskjalinu.

Sveinbjörn Eyjólfsson lagði til að nefndin tæki hlé til nákvæmari útfærslu.

Hér var gert hlé á umfjöllun keppnisnefndar sem fór í að skoða betur þingskjal 16 áður en fjallað yrði frekar um það á þinginu

Fjárhagsnefnd.

Jón Ólafur Sigfússon var framsögumaður **fjárhagsnefndar** og gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, en þingskjölum no. 3 og 4 hafði verið vísað til hennar.

Varðandi þingskjal nr. 4 leggur nefndin til breytingartillögu svohljóðandi:

Breyting á þingskjali nr. 4.

Tillaga til ársþings Landssambands hestamannafélaga frá hestamannafélaginu Herði. Tillagan varðar kostnaðaráhrif tillagna, sem lagðar eru fyrir ársþing samtakanna.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. okt. 1995 samþykkir að æskilegt sé að öllum tillögum, sem lagðar eru fyrir ársþing Landssambands hestamannafélaga, og sýnilega beri með sér útgjöld, fylgi greinargerð um kostnaðaráhrif (kostnaðarmat). Þar komi fram hver kostnaður við framkvæmd tillögunnar er (á ári ef tillagan hefur áhrif í fleiri en eitt ár) og hvernig skuli afla fjármagns til að koma tillögunni í framkvæmd.

Greinargerð:

Á undanförunum áratugum hafa fulltrúar á ársþingum L.H. samþykkt ótal tillögur, sem kosta samtökin mikið fjármagn. Oft hefur engin grein verið gerð fyrir hvernig að fjármögnun skuli staðið. Verði þessi tillaga samþykkt leiðir það til þess að um leið og efnisatriði tillagna eru rædd þarf samhliða að ræða fjármögnun. Það er hin vísasta leið til að ná endum saman í rekstri samtakanna og auðvelda alla fjárhagslega skipulagningu og stjórnun.

Kostnaðaráhrif þessarar tillögu eru engin í kr. talin en trúlega mjög jákvæð þegar til lengri tíma er litið.

Pétur Jökull segir að þessi breyting eyðileggi upprunalegu tillöguna og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Þorsteinn Eyþórsson sammála breytingunni en bendir á að hluti þingfulltrúa sé ekki í salnum.

Breytingartillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 32 atkvæðum gegn 21.

Þingskjal nr. 3

Vegna fjárhagsáætlunar á þingskjali 3 sem flutt var af stjórn L.H. klofnaði nefndin og ekki náðist samkomulag um eina breytingartillögu við þingskjalið. Nefndarmenn voru níu.

Meirihluti nefndarinnar; Jón Ólafur Sigfússon, Halldór Guðmundsson, Sigurgeir Bárðarson, Þorbergur Albertsson Sigfús Guðmundsson lögðu til að fjárhagsáætlunin yrði samþykkt óbreytt með svohljóðandi bókun:

Bókun:

Fjárhagsnefnd hefur haft fjárhagsáætlun fyrir árið 1996 til umfjöllunar. Eftir miklar og ítarlegar umræður hefur meirihluti nefndarinnar orðið sammála um eftirfarandi:

46. ársþing L.H. krefst þess að stjórn samtakanna sjái til þess að fyrir næsta landsþing verði lögð fram fjárhagsáætlun þar sem liðir 1.-4. verði lækkaðir um samtals 17% eða 1.000.000,- króna frá því sem nú er.

Minnihluti fjárhagsnefndar; Sigrún Ólafsdóttir, Haraldur Arngrímsson, Haraldur Haraldsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem talaði fyrir tillögunni, lögðu fram breytingartillögu að fjárhagsáætlun, sem er svohljóðandi:

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 1996.

Tekjur:

1.	Árgjöld félaga:		
	16 ára og yngri		kr. 0
	17 - 69 ára	6.100 a) 850	" 5.185.000
2.	Aðrar tekjur		" 1.815.000
			<hr/>
			kr. 7.000.000

Gjöld:

1.	Launa-, húsaleigu og skrifstofukostnaður		kr. 3.200.000
2.	Þinghald og fundir		" 700.000
3.	Akstur og ferðakostnaður		" 500.000
4.	Æskulýðsstarf		" 1.000.000
5.	Dómarafélag námsk. og fræðsla		" 150.000
6.	Kostnaður v. áningarhólfa		" 80.000
7.	Lyfjapróf		" 300.000
8.	Vaxtagjöld umfram tekjur		" 60.000
9.	Afskriftir		" 100.000
10.	Uppbygging Skógarhóla		" 100.000
11.	Erlend samskipti FEIF		" 350.000
12.	Annar kostnaður og ófyrirséð		" 460.000
			<hr/>
			kr. 7.000.000

Greinargerð:

Undanfarið hafa þær raddir sem halda því fram að kostnaður við rekstur skrifstofu L.H. sé allt of hár orðið æ háværari. Urðu miklar umræður um þetta í fjárhagsnefnd á s.l. landsþingi en þrátt fyrir það hefur stjórn L.H. ekki komið fram með tillögur er leiði til sparnaðar á þessum gjaldalið. Verður því ekki undan því vikist að ársþing L.H. taki á þessu máli. Nú rennur rúmur helmingur af tekjum L.H. til að greiða laun, húsaleigu

og skrifstofukostnað. Skrifstofa félagsins er opin frá 09:00 - 17:00 alla virka daga og starfa þar framkvæmdastjóri í fullu starfi og skrifstofumaður í 1/2 starfi. Er vandséð að brýna nauðsyn beri til að **hafa skrifstofuna opna nema 1/2 hvern virkan dag og er það því lagt til og er forsenda fyrir tillögu þessari.** Með því móti myndast svigrúm fyrir stjórn L.H. til að lækka kostnað við skrifstofuhald en hins vegar þykir ekki rétt að binda hendur hennar í þessu efni um of og er því kostnaði vegna launa, leigu og skrifstofu skeytt saman í einn lið.

Guðmundur Jónsson formaður L.H. tók til máls og gerði að umtalsefni álit minnihluta fjárhagsnefndar. Hann sagði álitnið niðurrif en ekki niðurskurð. Skrifstofan vinnur fjölpætt störf fyrir félögin og L.H sagði Guðmundur. Án öflugrar skrifstofu yrði starf L.H. seinvirkara og ekki eins markvisst. Guðmundur segist hafa unnið í stjórn L.H. síðastliðin 12 ár og aldrei þegið laun fyrir. Skrifstofan tekur af stjórnarmönnum mikla vinnu og ef hún yrði nánast lögð niður, yrði enn meiri vinna lögð á okkur í stjórninni. Guðmundur sagði nauðsynlegt að athuga þetta vel, tillaga minnihlutans er niðurrif og leggur hann til að þingið samþykki tillögu meirihluta nefndarinnar.

Jónas Kristjánsson kemur með tillögu um tekjuöflun fyrir L.H.

L.H. á ekki að lifa á skattgjöldum á félag. L.H. á að fá tekjur með því að markaðssetja landsmótin t.d. til sveitarfélaga eða fyrirtækja úti í bæ og geti þannig náð umtalsverðum fjárhæðum með því.

Pétur Jökull skilur að Guðmundur Jónsson formaður sé reiður vegna þessarar tillögu, hún sé þvæla, og leggur til að tillaga meirihlutans verði samþykkt. Gott sem Jónas segir um landsmótin. Tekjur landssamtakanna eigi að vera mun meiri af landsmótunum.

Haraldur Haraldsson frá Þjálf segir að það ekki hægt að strika út útgjöld með því að segja af því bara. Við þurfum peninga til að búa til peninga. Getur tekið undir með Jónasi að auka "bisnissinn" í þessum þáttum. L.H. á að vera hluthafi í komandi landsmótum og reyna að græða á því.

Sigrún Ólafsdóttir harmar það mjög hvernig menn túlka niðurstöðu minnihluta nefndarinnar ef við litum á tillöguna þá sést að það er spurning hvenær þetta verður skorið niður ekki hvort. Við verðum að hugleiða hvert peningarnir fara. Við vildum hafa meiri peninga og það er slæmt að umræðan sem er meðal hestamanna koðni niður á þingum. Félagsmenn vilja sjá árgjöldin lækkuð.

Sigfús gjaldkeri L.H. segir að hann hafi átt von á þessu og ekkert við því að gera að menn leggi til svona breytingar. Honum finnst þetta ekki réttmætt tillaga, hann segir að það sé hægt að reyna að hagræða en að fara að skera niður tekjustofna sé fráleitt. Skrifstofan verði að vera opin alla daga. Sigfús nefnir eitt dæmi t.d. lyfjapróf austur á fjörðum eða á Vestfjörðum geti aukið kostnað verulega það þarf ekki meira til. Sigfús segir að hestamenn eigi ekki rífast um svona rugl og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Skúli Kristjónsson getur ekki orða bundist vegna þessarar umræðu. Þingið í fyrra samþykkti að koma lyfjamálinu í höfn, það kosti peninga og það sé ekki hægt að jagast um svo sjálfsgæða tillögu eins og tillaga meirihluta fjárhagsnefndar sé. Skúli segist hætta að starfa í þessum málum ef þingið hætti ekki svona bulli.

Jón Ólafur ítrekaði þá skoðun sína að minnihlutinn verði að fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Sveinbjörn Eyjólfsson benti á að litlu munaði á tillögum meiri og minnihluta. Benti á að þingið hefði þegar samþykkt ýmislegt sem kallaði á útgjöld. Sveinbjörn benti á að mikil vinna væri framundan vegna sameiningarmálanna.

Birgir Gunnarsson tók til máls og taldi mikið að gera á skrifstofu L.H. og hélt fram að það yki skilning barna á félagsstörfum að greiða 500 kr. til félagsmálanna.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson taldi lítið bera á milli en benti á að í álitum meirihlutans kæmi fram að á næsta ári ætti að skera niður um 1 milljón og skoraði á gjaldkera L.H. Sigfús Guðmundsson að gera grein fyrir því hvernig hann ætli að spara 1 milljón á næsta ári fyrst það er með engu móti hægt núna.

Sigurður Ragnarsson segir slæmt að minnihluta álitum sé álitum níð. Þetta er vegna þess að félögin eiga í vandræðum með að innheimta félagsgjöldin og segir að ef L.H. geti sparað 1 milljón eigi það að koma að fullu til félaganna.

Ásgeir Guðmundsson segir að menn megi ekki vera sárir þó fjármál séu rædd. Ásgeir var lengi gjaldkeri hjá Gusti og sótti þá mikið til L.H. skrifstofunnar. Við erum að reyna að hagræða og menn mega ekki vera of sárir. Ásgeir biður menn um að líta ekki á Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem einhverja grýlu. Mótin eiga að borga lyfjaprófin en ekki hinn almenni félagi.

Sigfús Guðmundsson fékk næstur orðið vegna þess að Sveinbjörn krafðist þess að hann gerði grein fyrir hvers vegna hagræðingin gæti ekki hafist í ár heldur á næsta ári. Sigfús fjallaði um starfsmannamál á skrifstofu L.H. og gerði grein fyrir því hvernig störfin á skrifstofunni urðu eitt og hálf. Hann taldi að með því að HÍS sleit samstarfinu hefði mátt færa starfsmannamálin til fyrra horfs en það hefði ekki verið meirihluti fyrir því í stjórninni.

Marteinn Valdimarsson tók til máls og hvatti til samþykktar á álitum meirihluta fjárhagsnefndar. Taldi þessar umræður hafa takmarkað gildi.

Tillaga minnihlutans var nú borin undir atkvæði og felld með 39 gegn 25.

Tillaga meirihluta fjárhagsnefndar var síðan samþykkt með 47 atkvæðum gegn 1.

Umræðum um fjárhagsmál var þar með lokið og fram haldið við tillögu **keppnisnefndar þingskjal 16**

Marteinn kom með breytingartillögu við þingskjalið fullunna sem hljóðar svo:

Breytingartillaga við þingskjal nr. 16.

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum 6.0.1. um framkvæmd lands og fjórðungsmóta.

gr.8 verði svohljóðandi: **forkeppni á lands og fjórðungsmótum verði sem hér segir:**

B-Flokkur gæðinga: Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu, riðið upp á vinstri hönd.

Tveir hringir hægt tölt

Tveir hringir brokk frjáls hraði

Tveir hringir greitt tölt á langhliðum

Vilji x 2 fegurð í reið x 2

Deilitala fyrir dómara er 7.

A-Flokkur gæðinga: Þrír til fimm hestar inni á hringvellingum í einu, riðið upp á vinstri hönd.

Tveir hringir tölt x 2
 Tveir hringir brokk frjáls hraði
 Tvær umferðir skeið, einn og einn í einu x 2
 Vilji x 2 fegurð í reið x 2
 Deilitala fyrir dómara er 9

Barnaflokkur: Þrír til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu, riðið upp á vinstri hönd.

Einn hringur fet
 Tveir hringir brokk eða tölt
 Áseta x 2.
 Deilitala fyrir dómara er 4

Unglingaflokkur: Þrír til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu, riðið upp á vinstri hönd

Tveir hringir hægt tölt
 Tveir hringir brokk frjáls hraði
 Tvær umferðir yfirferðargangur(tölt,brokk eða skeið) einn og einn í einu á beinni braut
 Áseta x 3
 Deilitala fyrir dómara er 6

Ungmennaflokkur: Þrír til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu, riðið upp á vinstri hönd

Tveir hringir hægt tölt
 Tveir hringir brokk frjáls hraði
 Tvær umferðir yfirferðargangur (tölt, brokk eða skeið) einn og einn í einu á beinni braut
 Fegurð í reið og vilji
 Deilitala fyrir dómara er 5

Síðan komi 8. gr. eins og hún er:

Þá breytist 2.1. Reglugerð um gæðingakeppni bls. 2.1.1., II Kafli Um dómara og dómstörf bls. 2.1.4.

14. gr. Hefjist svo: Á lands og fjórðungsmótum skal forkeppni fara þannig fram, í öllum flokkum, að þrír til fimm hestar eru inni hringvellinginum í einu. Að þessari forkeppni lokinni skal að lágmarki tvöfaldur fjöldi þeirra hesta sem komast í úrslit í hverjum flokki halda áfram í keppni úrvalsgæðinga samkvæmt reglum L.H. Dregið skal um röð keppenda. Úrslitakeppni úrvalsgæðinga skal fara fram a.m.k. degi síðar. Að öðru leiti er 14. gr.óbreytt

bls. 2.1.3.

13. gr. 4 málsgr. verður þá : Á innanfélagsmótum hefst forkeppnin með því að hestunum er riðið einum í senn í dóm eftir skráningarröð. Þó er

framkvæmdanefndum allra móta heimilt að nota þessa sérstöku forkeppni lands og fjórðungsmóta. Á lands og fjórðungsmótum er þrem til fimm hestum riðið í forkeppni í senn, eftir sérstökum reglum. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Tillagan svona breytt borin upp og samþykkt með 47 atkvæðum gegn 1.

Þingskjal nr 17. breytingatillaga kom fram og er svohljóðandi:

Breytingartillaga við þingskjal nr. 17

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum 2.1. Reglugerð um gæðingakeppni

Um keppnishesta og sýnendur 1.gr.

Á eftir setningunni: "Rétt til þátttöku hafa öll taminn hross 5 vetra og eldri í eigu....." **Ekki er heimilt að skrá 5v hross í fleiri en tvær greinar eða sýningar á sama móti.**

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svo:

2.1. REGLUGERÐ UM GÆÐINGAKEPPNI

I.Kafli

Um keppnishesta og sýnendur

1.gr.

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll taminn hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Ekki er heimilt að skrá 5v hross í fleiri en tvær greinar eða sýningar á sama móti. Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga L.H., enda sé forráðamaður búsins eða einhver eigandi þess félagsmaður í viðkomandi félagi. Hrossum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags þ.e. með sama hætti og gildir um hross almennra félagsmanna í hestamannafélagi. Hross sem taka þátt í kynbótasýningu eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskildu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku.

Engar umræður urðu um breytingartillöguna og hún borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 18 var fellt niður.

Þingskjal nr. 19.

Marteinn kynnti breytingartillögu við þingskjalið svohljóðandi:

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir viðbót við Reglugerð um barna og unglíngakeppni.

Lagt er til að tekinn verði upp nýr flokkur sem er ungmennaflokkur. og breytist þá : 3.1. Reglugerð um barna, unglínga **og ungmennakeppni.** bls. 3.1.1. Breytingar og viðbætur eru feitlettraðar, Keppnistilhögun skal að öðru leiti vera sú sama og nú gildir fyrir börn og unglínga.

Keppendur: Keppni fer fram í þremur aldursflokkum: A) barnaflokkur, B) unglingsflokkur, c) ungmennaflokkur.

á eftir setningunni” “ í unglingsflokkum þeir sem verða 16 ára á árinu komi: Í ungmennaflokki þeir sem eru 19 ára á árinu. Í barna, unglings og ungmennaflokki er það knapinn sem Í barna, unglings og ungmennaflokki er knapa skylt.....

Keppnisröð:

á eftir “ sù tilhögun verði við ákvörðun á keppnisröð keppenda í barna, unglings og ungmennakeppni....

Keppnishestur:

Barn, unglings eða ungmenni má ekki mæta til keppni með hross, sem.....

Hross, sem barn, unglings eða ungmenni.....

Einkunnir: Gert er ráð fyrir að ungmennaflokkur sé dæmdur eftir sömu reglum og barna og unglingsflokkur að undanskilinni ásetu og stjórnun. Þá skal gefa sérstaka einkunn fyrir ásetu og stjórnun í barna og unglingsflokkum.

á bls. 3.1.2 þarf að gera eftirfarandi breytingar

Verkefni: þar bætist við

Ungmennaflokkur:

3 hringir á 300m velli og sýni: fet, tölt, brokk, stökk, yfirferðargang (tölt,brokk eða skeið á langhliðum), fegurð í reið og vilji bætist við í einkunnagjöf.

Úrslitakeppni-ungmennaflokkur:

Tölt, brokk, yfirferð á langhliðum. Minnst tveir hringir til hvorrar handar.

á bls. 6.0.1 Reglur um framkvæmd Lands- og fjórðungsmóta :

þarf að gera eftirfarandi breytingar: 5 liður b hljóðar svo: **Fjöldi þátttakenda í unglings og ungmennakeppni**

Sigrún Sigurðardóttir leggur til vegna ungmennaflokksins að tillagan verði samþykkt til prufu.

Jón Albert Sigurbjörnsson fullyrðir að 20-30 keppendur séu í þessum flokki hjá Fákí og styður þessa tillögu.

Rosemarie segir verða marga keppendur í þessum flokki og leggur til samþykkt.

Sveinbjörn Eyjólfsson telur tillöguna góða og hvetur til samþykkis.

Sigfús Guðmundsson segir að samþykkja eigi tillöguna eins og hún er.

Hallgrímur Jónasson góð tillaga hvetur til samþykkis.

Breytingartillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Í framhaldi af samþykkt breytingarinnar á þingskjali nr. 19 bar **Sigrún Sigurðardóttir** fram tillögu um að kanna hve mörg ungmenni eru skráð skv. félagatölum L.H. og HÍ.S. Tillaga Sigrúnar var svohljóðandi:

46 ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27 og 28 október 1995, samþykkir að æskulýðsnefnd LH og HÍS geri skriflega könnun meðal ungmenna sem **skráð** eru í félagstöllum LH og HÍS.

Könnun þessi tæki á þörf fyrir þennan flokk. Hversu margir hafa áhuga á keppni í þessum flokki o.s.frv.

Æskulýðsnefnd skili niðurstöðum fyrir næsta ársþing. Einnig þurfa að liggja fyrir upplýsingar um hversu margir er skráðir í dag í þennan flokk.

Tillagan samþykkt með 21 atkvæði gegn 6.

Þingskjal nr. 20 breytingatillaga kom fram svohljóðandi:

Breytingartillaga við þingskjal nr.: 20

46. ársþing L.H haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á reglum 2.1. Reglugerð um gæðingakeppni

Um keppnishesta og sýnendur 1.gr.

2 málsg. "Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús" síðan falli út og/eða ræktunarsambands.

Nefndin leggur til að ræktunarsambönd hafi ekki þáttökurétt í keppnum hestamannafélaga, en eigi þó þáttökurétt á lands og fjórðungsmótum sem sjálfstæðir aðilar að L.H. Hestafjöldi færi eftir stærð sambandanna eða samkvæmt ákvörðun stjórnar L.H.

Verði þetta samþykkt hljóðar greinin svo:

2.1. REGLUGERÐ UM GÆÐINGAKEPPNI

I.Kafli

Um keppnishesta og sýnendur

1.gr.

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll taminn hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarféлага L.H., enda sé forráðamaður búsinns eða einhver eigandi þess félagsmaður í viðkomandi félagi. Hrossum hvers búss skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags þ.e. með sama hætti og gildir um hross almennra félagsmanna í hestamannafélagi. Hross sem taka þátt í kynbótasýningu eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskildu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku.

Sveinbjörn Eyjólfsson vill fá skýringu ef menn eiga hest með ræktunarsambandi hvað þarf hann að eiga mikið í honum til að hesturinn geti keppt. Marteinn segir eftir breytingu eigi sambandið ekki þáttökurétt.

Sigfús Guðmundsson vill að það verði fellt út allt sem heitir "ræktunarbú og ræktunarsambands..."

Sveinbjörn Eyjólfsson segir að salurinn sé að þynnast. Ósammála Sigfúsi um að snúa aftur varðandi reglur endurtekur spurningu sína um eignarhlut í stóðhesti. Ef hann fær ekki svör leggur hann til að greinin verði felld.

Jón Albert segir það hættulegt að breyta þessu, þetta eru stórhættulegar tillögur.

Sigurður Ævarsson segir rétt sem Jón Albert segir umræðan er löngu hrunin um þetta og leggur til að greinin verði óbreytt eins og hún er í núverandi reglum L.H.

Breytingartillagan borin upp, felld með 27 atkvæðum gegn 5.

Þingskjal nr. 21

Marteinn mælir með því og leggur til að þingskjalið verði fellt. Vegna þess að 10 mm skeifur séu ekki verri en það sem leyft s.s. 8 mm skeifa m/botn.

Þingskjalið borið upp og fellt með 39 atkvæðum gegn 8.

Þingskjal nr. 22. var samþykkt samhljóða óbreytt eins og það var lagt fram. Sjá þingskjalið framar í þinggerðinni.

Þingskjal nr 24.

Marteinn gerði grein fyrir þingskjalinu nefndin samþykkti að vísa skjalinu til millipinganefndar að ósk Dómarafélags L.H.

46. ársþing L.H. haldið í Garðbæ 27. og 28. október 1995 samþykkir eftirfarandi breytingar á Kafla 5.6.1. Reglur um réttindi gæðinga- og unglíngadómarara:

2. gr. fellur út.

Í 3. gr. skal orðið, **gæðingadómarara** koma í stað félagsdómara og út falli neðsta málsgrein greinarinnar sem byrjar á: Til þess að hljóta.....o.s.frv.

Í 4. gr. annari málsgrein skulu orðin, með landsdómararéttindi, falla út en í staðinn komi, **reyndir gæðingadómararar.**

Greinarnar færast upp þ.e.a.s. 4. gr. verður 3. gr., 3. gr. verður 2. gr. þar sem lagt er til að 2. gr. falli út.

Síðan bætist við ný grein sem verður 4. gr.

4. gr.

Fyrir fjórðungs- og landsmót skal halda úrtöku meðal gæðingadómarara, þeir 10 hæfustu úr þeim dómi, dæmi sem aðaldómararar í A, B, barna og unglíngaflokki og þeir 10 efstu þar á eftir verði ritarar. Til þátttöku í þessa úrtöku skal dómari hafa minnst fjögurra ára starfsreynslu. L.H. skal gefa út og senda aðildarfélögum sínum fyrir upphaf hvers keppnistímabils skrá með nöfnum þeirra dómara, sem hafa fullgild dómaraaréttindi samkvæmt þessari grein.

Í 5. gr. í stað; sem ekki uppfyllir skilyrði 4. greinar, að endurnýja félagsdómaraaréttindi sín, o.s.frv. komi; **sem ekki uppfyllir skilyrði 3. greinar, að endurnýja gæðingadómararaaréttindi sín o.s.frv.** Önnur málsgrein 5. gr. sem byrjar á; Landsdómari, sem... o.s.frv. fellur út.

6. gr., 7. gr. og 8. gr. haldast óbreyttar. Ákvæði til bráðabirgða, falla út.

Greinargerð:

Dómarafélagið telur núverandi fyrirkomulag, annarsvegar A. félagsdómari B. landsdómari, skapa mikla óánægju meðal dómara v/ákvæða um hámarks fjölda landsdómara.

Við teljum þá sem hafa náð réttindum landsdómara ekki fá nægjanlega hvatningu til framþróunar sinnar eigin getu. Það er öllum áhugamál að dæma á stórmótum, þar sem hver gæðingurinn strýkur annan en til þess starfa leggjum við til að þar dæmi þeir hæfustu líkt og þar keppa þeir hæfustu.

Þingskjalið borið upp og samþykkt að vísa því til millipinganefndar keppnisnefndar til frekari vinnslu.

Þingskjal nr. 28 svohljóðandi flutt af æskulýðsnefnd með góðu samþykki keppnisnefndar.

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. október 1995 leggur til eftirfarandi orðalagsbreytingu á grein 3.1.1. í lögum og reglum L.H.

Undir liðnum **einkunnir** í setningu sem byrjar á; Þá skal gefa sérstaka einkunn fyrir ásetu og taumhald, fellur orðið taumhald út og í stað þess kemur orðið **stjórnun**.

Þingskjalið borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 29.

Marteinn gerði grein fyrir þingskjalinu sem er svohljóðandi:

46. ársþing L.H. haldið í Garðabæ 27. og 28. okt. 1995 samþykkir að fela millipinganefnd að endurskoða ákvæði 5. gr. reglugerðar um gæðingakeppni varðandi járnningar og fótábúnað og leggja fram niðurstöður eða tillögur þar að lútandi. Nefndin leitist við að hafa til hliðsjónar þær rannsóknir og kannanir sem hafa verið og verða gerðar á hóflengd hrossa.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þar með var lokið umræðum og afgreiðslu á tillögum keppnisnefndar.

Önnur mál.

Porkell Bjarnason hafði orð á því að ekkert hefði verið rætt um Stóðhestastöðina í Gunnarsholti og saknaði þess. Hann greindi frá stöðu mála þar að lútandi og ræddi gildi Stöðvarinnar fyrir hrossaræktunina í landinu og vitnaði til skýrslu um þau mál.

Guðbrandur Kjartansson tók til máls og ræddi m.a. um furðuleg leiðaraskrif í Eiðfaxes o.fl.

Umræður urðu ekki aðrar undir þessum lið enda mjög áliðið og komið að dagskrárliðnum kosningar.

Kosningar.

Varaformaður **Guðbrandur Kjartansson** hafði lokið kjörtíma sínum. Hann gaf kost á sér til endurkjörs. Ekki komu fram aðrar tilnefningar um varaformann. Forseti leitaði afbrigða þingsins frá skriflegri kosningu og var Guðbrandur kjörinn varaformaður L.H. með góðu lófataki.

Meðstjórnendur:

Lokið höfðu kjörtíma Sigfús Guðmundsson og Sigbjörn Björnsson. Sigfús gaf ekki kost á sér til endurkjörs og þakkaði meðstjórnendum sínum gott samstarf. Sigfús kom með uppástungu um eftirmann sinn Sigurgeir Bárðarson. Ekki komu fram aðrar tilnefningar og voru þeir **Sigbjörn Björnsson og Sigurgeir Bárðarson** kosnir meðstjórnendur með lófataki.

5 varastjórnarmenn.

Uppástunga kom um Ágúst Oddsson, Birgi Rafn Gunnarsson, Guðlaugu Hermannsdóttur, Harald Þórarinsson, Marteín Valdimarsson og Sigrúnu Ólafsdóttur.

Kosningu hlutu í varastjórn:

Ágúst Oddsson Garðabæ	51 atkv.
Marteinn Valdimarsson Búðardal,	50 atkv.
Guðlaug Hermannsdóttir Akureyri	50 atkv.
Birgir Rafn Gunnarsson Reykjavík	47 atkv.
Haraldur Þórarinsson Laugardælum	47 atkv.

Sigrún Ólafsdóttir hlaut 37 atkvæði og aðrir fengu færri atkvæði.

Skoðunarmenn ársreikninga L.H. voru endurkjörnir með lófataki **Þorvaldur Þorvaldsson og Gísli B Björnsson.**


Varaskoðunarmenn voru endurkjörnir á sama hátt **Sigurþór Gíslason og Halldór Gunnarsson.**

Þingslit.

Guðmundur Jónsson formaður L.H. tók til máls og ávarpaði þingheim. Hann þakkaði góðar móttökur og góða aðstöðu við þinghaldið. Hann færði Sigfúsi Guðmundssyni þakkir fyrir ágæt störf í stjórn L.H. og bauð nýja menn í aðal og varastjórn velkomna til starfa. Hann þakkaði jafnframt vel unnin störf á þinginu og við undirbúning þess, og tilkynnti að næsta ársþing yrði haldið í boði hestamannafélagsins Mána í Keflavík 25. og 26. október 1996. Hann þakkaði þingforsetum og riturum góð störf og sleit þinginu kl. 19:35.

Þingforsetar


Sverrir Hallgrímsson


Andreas Bergmann.

Yfirþingritari:


Snorri R. Shorrason.